

Skólavarðan

KENNASAMBAND ÍSLANDS APRÍL 2015






Hugsjónafólk í Monterrey

Kristín Dýrfjörð segir frá för íslenskrar sendinefndar til CENDI-samtakanna í Monterrey í Mexíkó. Þar starfar hugsjónafólk að menntun og velferð yngstu þegnanna.




Starfsemi KÍ skoðuð ofan í kjölinn

Lagt er til að starfsemi KÍ taki töluverðum breytingum í nýrri úttekt Capacent. Tekið verði upp nýtt skipurit og starfsemin flutt í hentugra húsnæði.



Rattleikur um heiminn

Fjölmargir kennarar nýta sér samskiptaforritið Skype í kennslustofunni. Forritið má með einföldum hætti nota til að tengjast kennurum og nemendum um víða veröld.



Af hverju heillar iðnnámið ekki?

Mikil umræða stendur yfir í Danmörku um hvernig undirbúningi stúdenta fyrir háskólanám skuli háttað og hvers vegna svo fá ungmenni vilja leggja stund á verknám.



Kynjafræðin mikilvæg

Líflegar umræður voru á málþingi kynjafræðinema á dögunum. Samskipti kynjanna voru rædd frá ýmsum sjónarhornum og auk þess var efnt til vitundarvakningar á Twitter.

SNÚUM BÖKUM SAMAN, ÞÉTTUM RAÐIRNAR

Á

Á síðasta ári endurnýjuðu öll aðildarfélög Kennarasambandsins kjarasamninga sína. Það er vart ofsögum sagt að samningaviðræðurnar hafi gengið brösuglega. Sú staðreynd að fimm af sjö aðildarfélögum KÍ neyddust til að hóta eða beita verkfallsvopninu, sýnir það. Til upprifjunar þá voru félagsmenn Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum í verkfalli drjúgan hluta marsmánaðar 2014. Í þeirri deilu náðust samningar í byrjun apríl. Félag grunnskólakennara fór í eins dags verkfall síðasta vor, en samningar náðust áður en verkfallið varð umfangsmeira. Félag leikskólakennara náði að semja þremur dögum fyrir boðað verkfall. Þá var komið að Félagi tónlistarskólakennara (sem í dag heitir Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum), en félagsmenn þess neyddust til að leggja niður störf frá því síðla október til loka nóvember. Sú kjaradeila var þung en samningar tókust að lokum.

Í öllum þessum átökum þá stóðum við félagsmenn KÍ þétt saman. Við mættum á samstöðufundi og hvöttum hvert annað til dáða. Nú skiptir máli að halda samstöðunni við. Mennta geta verið ósammála um einstakar leiðir, en almennt stefna allir, forsvarsmenn félaga, starfsmenn KÍ og auðvitað félagsmenn allir að sama markmiði, sem er að bæta kjörin í skólum landsins.

Vinnumat í grunn- og framhaldsskólum

Í samningum FG og FF/FS var samið til rúmlega tveggja ára með uppsagnarákvæði sem tengt var kosningum um vinnumat meðal félagsmanna. Í því fólst að samningsaðilar ætluðu að



**Þórður Á.
Hjaltsted**
formaður KÍ



vinna við að útfæra ný vinnutímaákvæði (vinnumat), kynna þau og að endingu leggja þau í dóm félagsmanna. Ég ætla ekki að rifja hér upp umræðurnar sem áttu sér í vinnumatsferlinu, enda brýnna að horfa fram á veginn en í baksýnispegilinn. Það sem nú skiptir máli er að á bæði grunn- og framhaldsskólastiginu (að Tækniskólanum undanskildum) hefur nýtt vinnumat verið samþykkt. Samningarnir sem það byggir á munu tryggja kennurum í grunnskólum og framhaldsskólum verulegar og bráðnaðsýnlegar launahækkanir. Á næstu mánuðum þarf að ná fram frekari

Enn mikilvægara er þó að koma í veg fyrir að kjaraviðræðum sé aftur og aftur stefnt í feril átaka og verkfalla, eins og við kennarar þekkjum allt of vel.

lagfæringum á kjörum félagsmanna, en kjarasamningar Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla og Skólastjórufélags Íslands losna um næstu mánaðamót auk þess sem kjarasamningur Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum losnar í haust. Þetta er raunar verkefni sem aldrei lýkur.

Þjóðarsátt um kennaralaun

Síðustu misseri hefur talsvert verið rætt um mikilvægi þess að breyta vinnulagi við endurnýjun kjarasamninga. Tryggja þarf að samningaferlið fari fyrir af stað en nú er til að koma í veg fyrir að langur tími líði frá því að kjarasamningar renni út þar til þeir eru endurnýjaðir, með tilheyrandi seinkun á kjarabótum sem í viðkomandi samningum felast. Enn mikilvægara er þó að koma í veg fyrir að kjaraviðræðum sé aftur og aftur stefnt í feril átaka og verkfalla, eins og við kennarar þekkjum allt of vel. Í þessu efni hefur verið horft til hinna Norðurlandanna, þar sem víðast hvar hefur náðst samkomulag um launastrúktúr, þ.e. hversu mikil launabilið á að vera milli hinna mismunandi hópa á vinnumarkaði. Þar snúast kjaraviðræður ekki um hversu stóran hluta kókunnar hver einasti hópur á að fá eins og hér á landi, heldur er þar farið yfir hversu mikið er til skiptanna í samfélaginu og því dreift jafnt á alla hópa.

Ég tel að stefna eigi að slíku fyrirkomulagi hér, en því miður er langt í land að það náist. Ef aðeins er horft til félagsmanna



KÍ þá er það vissulega svo að með nýjstu samningum okkar erum við farin að nálgast meðallaun annarra háskólamenntaðra starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Þar vantar þó enn aðeins upp á. En það er ekki þangað sem við eigum að horfa. Enn er langt í land með að kennari sé jafnt metinn til launa og háskólamenntaður sérfræðingur á almenna markaðnum. Þetta þarf að laga og um það tel ég að sé víðtæk sátt í samfélaginu þrátt fyrir tal einstakra ráðamanna um annað. Það felst því mikið ranglæti í því að fullyrða að launahækkanir kennara séu að raska einhverju jafnvægi í samfélaginu. Ég spyr því, þarf þjóðarsátt um launahækkun kennara frekar en annarra? Og svarið er einfalt – já. Stjórnvöld þurfa að koma að málinu og félagsmenn KÍ þurfa skilning annarra launamanna í landinu til þess að sátt skapist um ásættanlega launasetningu kennara í samfélaginu. Mikilvægt er að við stöndum þétt saman í baráttunni framundan. Sameinuð, og aðeins sameinuð, náum við árangri.

UPPLÝSINGASÍÐA UM VINNUMAT GRUNNSKÓLAKENNARA

Innleiðing vinnumats er hafin í grunnskólum landsins og munu félagsmenn Félags grunnskólakennara, í samstarfi við skólastjórnendur, vinna að verkefninu næstu mánuði. Á heimasíðu KÍ hefur nú verið komið fyrir [upp- lýsingasíðu um innleiðingu vinnumatsins](#). Auk endanlegrar útgáfu af vinnumatinu má þar m.a. finna bækling með leiðbeiningum um starfsmannasamtöl, bækling með algengum spurningum og svörum við þeim og fimm myndbönd með hagnýtum upplýsingum. Á síðunni segir um verkefnið framundan: „Í vinnumati felast tækifæri til aukins sveigjanleika fyrir aðila samningsins. Hverjum og einum skóla, stjórnendum og



Verkefni grunnskólakennara eru afar fjölbreytt. Í nýju vinnumati verða þau skilgreind betur en áður.

kennurum er ætlað að skapa sameiginlegan skólabrag og ákveða með hvaða hætti ytri rammi skólastarfsins verð-

ur. Þetta er ekki verkefni sveitarfélagsins eða einhverra annarra. Þetta er verkefni kennara og stjórnenda“.



SAMNINGUR SAMPYKKTUR

Kjarasamningur Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum vegna félagsmanna í ríkisrekrum framhaldsskólum var samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu sem fram fór dagana 13. og 14. apríl. Samningurinn var undirritaður í húsakynnum ríkissáttasemjara 1. apríl síðastliðinn en niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru eftirfarandi:

- Á kjörskrá voru **1.549**
- Atkvæði greiddu **1.140** eða **73,6%**
- Já sögðu **662** eða **58,0%**
- Nei sögðu **440** eða **38,5%**
- Auðir seðlar voru **40** eða **3,5%**



YFIRLIT UM RÉTTINDI ÞÍN Á EINUM STAÐ

Á sjóðfélagavef LSR færð þú m.a. upplýsingar um réttindi þín, greidd iðgjöld og séreignarsparnað ásamt því að hafa aðgang að Lífeyrisgáttinni.

Lífeyrisgáttin er ný leið fyrir sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Með Lífeyrisgáttinni opnast greið leið að þessum upplýsingum.



Lífeyrisgáttin

Upplýsingar um lífeyrisréttindi
á einum stað.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is



Ársfundur KÍ 2015 var haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 17. apríl síðastliðinn. Yfirskrift fundarins var "Ímynd og orðræða kennara.

VIRÐING AÐ VERÐLEIKUM

Skipa á þriggja manna nefnd til að vinna næstu tíu árin að því að bæta ímynd kennara að mati almennatengils. Nefndin þyrfti að njóta fullkomins trausts og geta ráðstafað um 50 milljónum á ári.





Ársfundur Kennarasambandsins var haldinn á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 17. apríl síðastliðinn. Yfirskrift fundarins að þessu sinni var „Ímynd og orðræða kennara“. Vegna umræðuefnisins var leitað til eins reyndasta almanna- tengils landsins, Gunnars Steins Pálssonar, og hann fenginn til að ræða ímynd kennara.

„Þegar ég var að undirbúa þetta erindi spurði ég marga hvort kennsla væri ekki örugglega mikilvægasta starf í heimi. Ég hef engan heyrt segja: „Nei, er það ekki læk- n- irinn?“ eða eitthvað slíkt. Þannig að þið eruð þar. Þið vinnið mikilvægasta starf í heimi og þar af leiðandi leyfði ég mér að skíra þennan fyrirlestur „virðing að verðleikum“ því ég er upptekinn af því að kennarinn sækir sér hana, bæði fyrir sjálfan sig og frá sam- félaginu,“ sagði Gunnar Steinn í erindi sem hann hélt á ársfundi KÍ. „Ég met ímynd kennara þannig að hún sé jákvæð meðal foreldra og almennings. Krökkunum líður vel í skólunum og foreldrar eru kennurum þakklátir og al- menningur treystir þeim. Mér finnst líka gamla sagan um þrautpínda kennarann sem ræður ekkert við krakkaskarann vera á undanhaldi.“

Ég met ímynd
kennara þannig
að hún sé jákvæði
meðal foreldra og
almennings.

Styrkur og veikleikar

„Helstu veikleikarnir blasa auðvitað við. Kjörin og álagið eru einn, en líka samkeppnishæfn- in við samanburðarlöndin. Það er veikleiki að kennarastéttin, a.m.k. í grunn- og leikskólum, er áberandi kvennastétt. Auðvitað eru konurnar ekki slæmar, en þetta er samt sem áður veikleikamerki og ég veit að þið vitið þetta öll. Það ríkir líka ákveðin vorkunnsemi í garð kennara. Foreldrar eru þakklátir og þeim þykir vænt um kennarann, en þeir finna oft á tíðum svolítið til með honum að þurfa að standa í þessu öllu,“ sagði Gunnar Steinn um leið og hann bætti því við að hann væri aðeins að meta stöðuna eins og hún blasti við honum. „Ég held að helstu ógnirnar sem kennarar standa frammi fyrir séu atgervisflótti, ófullnægjandi nýliðun, hugsanleg spennitreyja út





Gunnar Steinn Pálsson, einn reyndasti almannatengill landsins, leggur til að kennarar markaðssetji sig næsta áratuginn undir slagorðinu „Kennarinn þinn“.

af fjársveldi til frambúðar og það að kennarar gætu lent í því að verða blórabögglar fyrir hnignandi menntunarstig þjóðarinnar.“

Gunnar Steinn segir góðu fréttirnar þær að fullt sé af tækifærum. „Þau eru meðal annars fólgin í fræðslu og hvatningu, bæði innanhúss gagnvart kennurunum og út á við. Það eru tækifæri til að lyfta upp skólanum og þýðingu hans fyrir framtíð samfélagsins. Það eru tækifæri í samstarfi við háskólaumhverfið í gæðakerfum og gæðamati, en líka í öflugri þátttöku kennara í skólapolítískri umræðu. Þess vegna held ég að við ættum að búa til 100 manna herinn sem er þjálfaður í að vera málsvari kennara – og kannski er hann hérna inni að einhverju leyti. Svo eigum við að hampa stjórnunum í kennarastéttinni og koma þeim markvisst á framfæri. Þær eru víða. Ég vil fjölga Höllunum í Botnleðjunum sem eru að brillera, þó það viti engir nema örfáir foreldrar hvað þeir gera innan veggja skólans. Verkefnið



ykkar er síðan að tryggja farsæla nýliðun í kennarastéttinni en það gerist ekki nema með því að bæta kjör og aðbúnað kennara. Það þarf líka að efla samstarf kennaranna innbyrðis, sem og sjálfsmynd kennaranna. Það þarf að bæta kennaranámið og kennsluna og koma íslenska menntakerfinu aftur í fremstu röð bæði hérlendis og á alþjóðavísu.

Og ég ætla að dvelja aðeins við virðinguna. Hún er lykilatriði í mínum huga og hún kemur ekki af sjálfu sér. Kennarinn ber ekki almennilega virðingu fyrir sjálfum sér og þar byrjar þetta allt. Við þurfum sem sagt að byrja á okkur sjálfum. En þar erum við ekki á upphafsreit því fólkíð í landinu segir að af öllum stéttum treysti það kennurum einna best. Aðeins lækmar og hjúkrunarfræðingar njóta meira trausts. Það er býsna gott.“

Kennarinn þinn

Í miðjum fyrirlestri varpaði Gunnar Steinn öllum að óvörum upp glæru sem á stóð „Mjólkr er góð“.

„Hvað er þetta að gera þarna annað en að gefa mér tækifæri til að grobba mig af því að ég bjó slagorðið til fyrir Mjólkrudagsnefnd fyrir svona 25 til 30 árum?“ spurði hann fundarmenn og uppskar hlátur viðstaddra. „Ég var þá orðinn svolítið þekktur fyrir að gera góð slagorð. Svo kom ég með þetta, „Mjólkr er góð“, og þeim fannst nánast eins og þeir hefðu verið kokkáláðir. En það er oft erfitt að finna þetta augljósa og einfalda“.

Gunnar Steinn sagði að mikilvægt væri fyrir kennara að hefja markvissa vinnu við að bæta ímynd sína. „Eitt af því sem ég ætla að gera í þessum fyrirlestri er að gefa ykkur slagorð. Það er afar einfalt. Í staðinn fyrir að kynningarstarfið sé unnið undir merkjum Kennarasambands Íslands, Félags framhaldsskólakennara, eða einhverra skammstafana þá fer allt þetta starf fram undir merkinu „Kennarinn þinn“ af því að þar er öll væntumþykjan. Ekki bara hjá nemendanum gagnvart kennaranum sínum, heldur líka gömlu nemendunum sem ennþá dýrka gömlu kennarana sína. Svo kemur þetta við foreldrana, og þar af leiðandi við samfélagið í heild. Þú sem kennari ert „Kennarinn minn“ þó þú sért ekki að kenna börnunum mínum.“



Í þessu kynningarstarfi væri mikilvægt að virkja alla kennara. Skólar væru með opið hús á degi kennarans, búin væru til hvatningarverðlaun, kennarar skrifuðu greinar, tryggt væri



Gunnar Steinn Pálsson vill auka virðingu fyrir kennurum. Hann segir að kennarar þurfi þar að byrja á að bera virðingu fyrir sjálfum sér.

að fjölmiðlar fjölluðu um skóla, búnar væru til auglýsingar o.s.frv. „Og svo kemur hér ein hugmynd sem er alveg upphalds. Mér finnst þetta svo flott hjá mér að ég get ekki staðið kyrr. Síðast í gær heyrði ég um rafrænan dauða íslenskunnar.

„Kennarinn þinn“, hann verður að skipta sér af þessu. Hann getur fengið hvern sem er til að vinna með sér, hvort sem það er fólk úr atvinnulífinu, fjölmiðlunum eða annars staðar frá. Það væru allir til í að leyfa kennaranum að vera með í að hlúa að íslenskunni, þessari langdýrmætustu menningararfleifð sem þjóðin á. Það býr til ímynd af kennurunum sem er

langt umfram tungumálið. Það býr til þennan ómissandi stólpa í íslensku samfélagi sem kennarinn er.“

Langhlaup

Gunnar Steinn sagði að ef kennarar ætluðu að snúa vörn í sókn, þá væri framundan langt hlaup sem kosta myndi mikla peninga. „Þarna ætla ég að segja ykkur að ég er búinn að vinna fyrir fjölmörg félagasamtök eins og ykkur, en sú vinna hefur aldrei staðið



lengur en svona hálf til eitt ár. Þá springur samstarfið alltaf, því að lýðræðið vill alltaf hafa rétt fyrir sér, en hefur það sjaldnast þegar kynningarmál eru annars vegar. Ástæðan er að það hafa allir ólíka skoðun á því hvað á að gera og svo kemst lýðræðið að einhverri samsúðu sem er ekki neitt. Þetta er eins og þegar ég hanna logo fyrir fyrirtæki og hver og einn vill hafa sinn lit. Ef ég myndi hlusta á alla þá yrðu öll merki á Íslandi brún af því að þannig litur kemur út úr lýðræðinu.“

Tillaga hans er því að setja á laggirnar þriggja manna nefnd, sem hefði formann sem nyti víðtæks trausts kennara á öllum skólastigum. „Þessi formaður þarf að vera einhver í líkingu við Vigdísí Finnbogadóttur, einhver sem er alveg hafinn yfir alla gagnrýni. Hann stýrir starfi nefndarinnar sem svo vinnur með kynningarfulltrúum hjá Kennarasambandinu, ráðgjöfum eða hverjum sem nefndin vill hafa sér til aðstoðar. Nefndin hefur algert sjálfstæði í viðfangsefnum og efnistöfum. Hún þarf ekki að spyrja neinn, ekki stjórn Kennarasambandsins eða nokkurn annan. Hún þarf hins vegar að mæla árangur og einu sinni á ári þarf hún að gera á því könnun hjá kennurunum hvernig þeim finnst hafa tekist til. Þið eruð ekki að fara í átak. Þið eruð að fara í að breyta lífsstíl. En það þarf að setja í þetta mikla peninga sem kæmu að hluta frá ykkur en að hluta frá samstarfsaðilum, t.d. fyrirtækjum. Ég er að tala um svona 50 milljónir á ári næstu 10 ár. Og þarna ætla ég að stoppa því þetta er auðvitað skandall... takk fyrir.“



Arnar Jónsson og Pröstur Freyr Gylfason, ráðgjafar hjá Capacent, unnu úttektina á starfsemi KÍ.

NÝTT SKIPURIT OG NÝTT HÚSNÆÐI

Talsverðar breytingar eru lagðar til á starfsemi KÍ í nýrri úttekt Capacent. Meðal þeirra er að tekið verði upp nýtt skipurit, starfsemin flutt í nýtt húsnæði og samstarf við önnur landssambönd launafólks aukin.





Á ársfundi Kennarasambands Íslands var kynnt ný úttekt ráðgjafarfyrirtækisins Capacent á starfsemi og þjónustu KÍ. Úttektin var gerð eftir að sjötta þing KÍ fól stjórn samtakanna að fá óháða aðila í slíka vinnu. Jafnframt var stjórn falið að láta gera könnun „á viðhorfum félagsmanna til þjónustu og starfsemi kennarasamtakanna“ eins og það var orðað. Sú könnun hefur þegar verið framkvæmd og hafa niðurstöður hennar verið til umfjöllunar í tveimur síðustu Skólavörðum. Það voru ráðgjafarnir Arnar Jónsson og Þröstur Freyr Gylfason sem unnu úttektina fyrir hönd Capacent, en fyrir ársfund höfðu stjórn og starfsmenn KÍ fengið kynningu á niðurstöðunni.


Aðferðafræðin

Í lokaskýrslu Capacent segir eftirfarandi um þá vinnu sem liggur að baki úttektarinnar: „Í ágúst 2014 til mars 2015 voru tekin viðtöl við kjörna fulltrúa og starfsmenn

Kennarasambands Íslands, aðildarfélaga þess og sjóða. Vinnustofur voru haldnar með stjórnnum hvers aðildarfélags og sjóða KÍ á sama tímabili. Þá var gerð þjónustukönnun meðal félagsmanna KÍ í nóvember og desember 2014. Loks var unnin afmörkuð greining á rekstri sex sjóða Kennarasambandsins 2011-2014.

Í viðtölunum var kallað eftir upplýsingum um núverandi verkefni starfsmanna, verkaskiptingu þeirra, hvað gengi vel í starfseminni, hvað gengi síður en mestum tíma var varið í að ræða tillögur þátttakenda að úrbótum eða breytingum á starfseminni. Á vinnustofum voru þátttakendur beðnir um að ræða styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í starfsemi KÍ frá sjónarhorni stjórna. Í þjónustukönnuninni voru mæld viðhorf til ýmissa þátta í þjónustu KÍ og svör greind eftir aðildarfélagi og öðrum bakgrunnsbreytum.“





Stofnfræðingur - 2.8.2014 - Múti



Núgildandi skipurit og tillaga að nýju skipuriti.

Auk þess koma í skýrslunni fram ýmis konar athugasemdir og tillögur að breytingum. Þær eru settar fram í eftirtöldum ellefu liðum.

Framtíðarsýn fyrir Kennarasamband Íslands í heild
Lagt er til að Kennarasamband Íslands skilgreini stefnu sína og leiðarljós til fjögurra ára í senn. Framtíðarsýn fyrir Kennarasambandið í heild verði mótuð þar sem lögð verði áhersla á hver kjarni Kennarasambandsins sé, hlutverk og markmið þess inn á við sem út á við, auk útfærðrar áætlunar um forgangsverkefni og það hvernig markmiðum skuli náð.

Tillögur að úrbótum

Í stuttu máli má segja að niðurstöður skýrslunnar felist í ábendingum og ráðleggingum Capacent til KÍ um hvert skuli stefna. Það verður síðan stjórnar Kennarasambandsins að marka leiðina sem framundan er og ákveða hvaða tillögur henta starfseminni og hverjar ekki. Meðal tillagna Capacent er að gerðar verði talsverðar breytingar á skipuriti KÍ (gamla skipuritið auk einnar hugmyndar að nýju skipuriti fylgja þessari umfjöllun).



Ársfundarfulltrúar

Úttekt á starfsemi Kennarasambandsins var kynnt á ársfundi KÍ sem haldinn var föstudaginn 17. apríl síðastliðinn.

Reglubundið mat á framkvæmd stefnumála KÍ

Lagt er til að stjórn KÍ meti reglulega framkvæmd stefnumála KÍ inn á við og út á við. Sjónum verði beint að því hvernig til hefur tekist á hverju sviði, þeim árangri sem náðst hefur og hvar skerpa megi á framkvæmd. Við umfjöllun stjórnar verði til nánari útfærsla á framkvæmdaáætlun eða starfsáætlun, þar sem lýst verði markmiðum, leiðum og áföngum. Nauðsynlegt er að slík áætlun verði til reglubundinnar endurskoðunar í öflugri samvinnu innan KÍ.

Samskiptastefna KÍ og málsvarahlutverk

Lagt er til að mótuð verði samskiptastefna Kennarasambandsins og samhliða skilgreind meginábyrgð á málsvarahlutverki fyrir hönd stjórnar KÍ. Í samskiptastefnu verði skilgreint hvar KÍ sem samband hefur frumkvæði í samvinnu og samskiptum við ýmsa aðila til að koma hagsmunum sínum á framfæri, hvernig samráði innan stjórnar skuli háttað, hvaða leiðir og miðlar séu



notaðir o.s.frv. Við mótun stefnunnar verði lögð áhersla á að horfa inn utanfrá til að tryggja að skipulagið þjóni hlutverki og stefnuáherslum Kennarasambandsins – og að margþættu málsvarahlutverki Kennarasambandsins sé sinnt.

Afmörkun á verklagi og verkaskiptingu og samræming milli einstakra félaga og KÍ
Lagt er til að verklag og verkaskipting milli einstakra félaga og Kennarasambandsins verði afmörkuð og samræmd. Hvað heyrir til Kennarasambandsins og hvað til aðildarfélaganna? Markmiðið verði að nýta til fulls samlegð milli aðildarfélaganna í starfsemi Kennarasambandsins.

Jöfnun á flæði verkefna og nýting starfskrafta
Lagt er til að flæði verkefna og nýting starfskrafta verði jöfnuð, með einföldun á samskiptum og boðleiðum milli kjörinna fulltrúa og starfsmanna.

Kaup eða leiga á hentugu húsnæði fyrir starfsemi KÍ
Lagt er til að Kennarasamband Íslands kaupi eða leigi sem fyrst hentugt húsnæði fyrir starfsemi KÍ þar sem öllum nútímaþörfum félagsmanna verði sinnt og horft til framtíðar, enda er séð að aðrir kostir duga ekki til.

Efling samstarfs um fagleg málefni
Lagt er til að haldið verði áfram að efla samstarf um fagleg málefni, svo sem með fræðslu- og umræðufundum fyrir alla félagsmenn um helstu kjara- og réttindamál, skóla- og menntamál og aðra málaflokka sem efstir eru á baugi hverju sinni.


Aukið samstarf við önnur heildarsamtök
Lagt er til að samstarf við aðra innlenda aðila á sama sviði – þ.e. stóru heildarsamtakanna (stéttarféлага og fagféлага) – verði aukið.



Miðlun upplýsinga um erlent samstarf á vegum KÍ
Lagt er til að upplýsingum um þátttöku KÍ og aðildarfélaganna þess í erlendu samstarfi verði skipulega haldið til haga og miðlað innan KÍ og aðildarfélaganna.

Opnari og bætt samskipti við opinbera aðila
Lagt er til að samskipti við opinbera aðila verði bætt og opnuð, einkum með tilliti til kjaramála og skólamála.

Útgáfu- og kynningarmál með hliðsjón af þjónustukönnun
Lagt er til að niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal félagsmanna KÍ til þjónustu og starfsemi Kennarasambands Ísland verði nýttar við útgáfu- og kynningarmál samtakanna.



Íslandsbanka Appið

Gleymdust reikningarnir?
Greiddu þá í Appinu

Skoða nánar »


Íslandsbanki



Tveir kennarar við skólann tóku að sér að stýra Google verkefninu, þær Linda Rós Rögnvaldsdóttir og Kristín Bergþóra Jónsdóttir.

LÆRT MEÐ GOOGLE Í ODDEYRARSKÓLA

Í Google Classroom geta kennarar deilt verkefnum með nemendum, fylgst með framvindu þeirra, skrifað athugasemdir við skjölin, hvatt þá áfram og leiðbeint. Karl Eskil Pálsson skrifar.





„Þetta hófst allt saman með því að við sáum kynningu Hans Rúnars Snorrasonar, kennara í Hrafnagilsskóla, um Google umhverfið í skólafunni. Í kjölfarið kom hann til okkar og kynnti fyrir okkur Google for Education umhverfið. Skemmst er frá því að segja að kynningin hafði mikil áhrif á kennara skólans sem sáu óendanlega möguleika opnast með því að innleiða umhverfið,“ segir Kristín Jóhannesdóttir, skólustjóri Oddeyrarskóla á Akureyri. „Það hefur lengi verið kallað eftir breytingum á kennsluháttum á sviði upplýsingatækni í skólafunni og sjálf er ég sannfærð um að með notkun á Google séum við skrefi nær því markmiði. Kennarar, nemendur og foreldrar hafa tekið þessari innleiðingu fagnandi, þannig að áhuginn er sannarlega til staðar.“

Preyttir á USB lyklum

Tveir kennarar við skólann tóku að sér að stýra Google verkefninu, þær Linda Rós Rögnvaldsdóttir og Kristín Bergþóra Jónsdóttir. Þær sóttu ráðstefnu á vegum Google for Education í Stokkhólmi ásamt deildarstjóra og öðrum kennara skólans.

Áður voru gögn bundin á hörðum diskum innan veggja skólans og upplýsingatækni-kennsla ekki í takt við tímann.

„Munurinn er mikill, það er bara þannig. Með þessum forritum er hægt að hlaða inn fjölda viðbóta, sem auka notkunarmöguleikana til mikilla muna. Auk þess vistar Google

allt sjálfkrafa, sem kemur í veg fyrir að gögn eyðist eða týnist. Með þessari innleiðingu geta allir notendur deilt skjölum á milli sín og unnið saman í einu skjali, þrátt fyrir að vera ekki í sömu tölvunni. Eins er hægt að vinna hvar og hvenær sem er og í hvaða búnaði sem er. Kennararnir geta líka fylgst vel með og veitt endurgjöf og umsagnir á meðan nemendurnir vinna að sínum verkefnum. Auk þess er afar auðvelt að halda utan um námsmat í þessu kerfi, sem er líka mikill munur frá því sem áður var,“ segir Linda Rós.

**Þetta er ódýr leið,
svo ekki sé minnst
á allan pappír-
sparnaðinn**



Kristín segir að tölvunotkun hafi aukist í öðrum námsgreinum og því gefist tækifæri til að samþætta kennslu í flestum greinum. „Það er endalaust hægt að bæta við í þessum efnum



Nemendurnir hafa tekið Google verkefninu fagnandi.

og möguleikarnir eru gríðarlegir. Í upphafi voru það kennararnir sem könnuðu hugsanlegar leiðir, en markmiðið var að bæta upplýsingatækni í skólafarfinu. Við vorum sammála um að nauðsynlegt væri að allir kennarar væru með strax frá upphafi og síðan allir nemendur. Skemmst er frá því að segja að kennararnir tóku þessari leið strax mjög vel, enda voru margir þreyttir á USB lyklum, hörðum diskum og takmörkuðu geymslurými. Sú staðreynd að margir geta unnið í sama skjalinu á sama tíma heillaði líka alla.

Sjálfur undirbúningurinn tók ekki langan tíma og nemendurnir voru virkjaðir tiltölulega fljótlega, enda er umhverfið ekki flókið. Þetta gerðist sem sagt allt saman á leifturhraða hjá flestum.“

Ævintýrið rétt að hefjast

Þær Kristín Bergþóra og Linda Rós segja að nemendurnir hafi strax til-einkað sér Google umhverfið.

„Nemendurnir tala um að þægilegt sé að geta unnið saman á mörgum tölvum í sama skjalinu og þeim finnst líka gott að vita að kennararnir fylgjast með framvindu mála með rafrænum hætti. Nemendurnir geta með öðrum orðum náð sambandi við kennarana hvenær sem er og það er auðvitað mikill og stór kostur. Í Google Classroom geta kennarar deilt verkefnum með nemendum, fylgst með framvindu þeirra, skrifað athugasemdir við skjölin, hvatt



þá áfram og leiðbeint. Að vinnu lokinni geta kennarar metið verkefni með matskvörðum sem hlaðið hefur verið inn í umhverfið. Nemendur fá því að lokum mat verkefnisins sjálfkrafa inn á skjalið sjálft og um leið fær kennarinn sérstakt skjal með mati allra nemendanna. Þannig er auðvelt að halda utan um námsmatið inni í kerfinu.“

Kristín og Linda Rós segja að ævintýrið sé rétt að hefjast og margir möguleikar séu fyrir hendi sem enn hafa ekki verið virkjaðir.

„Já, sannarlega. Til dæmis að vinna með heimasíður í gegnum Google Sites. Það kerfi er einfalt í notkun og býður upp á mikla möguleika. Þar er til dæmis hægt að þjálfra nemendur í uppbyggingu vefsíða og einnig er hægt að búa til rafrænar námsmöppur eða ferlimöppur þar sem haldið er utan um námsferil hvers nemanda með sýnishornum af verkefnum og ýmsum viðfangsefnum sem hann

hefur tekið sér fyrir hendur á námstímanum. Það er auðvelt að setja inn kennslumyndbönd og stærðfræðikennsla er klárlega skemmtileg í þessu umhverfi. Við erum líklega ekki á byrjunarreit, en það er ábyggilegt að gatan í þessu kerfi er löng. Við höfum tileinkað okkur vinnubrögðin og það er mikils virði.“

Minni pappír

Google umhverfið er gagnlegt í starfsmannahópnum, þar sem vinnu og hugmyndum er deilt með þeim sem hentar hverju sinni. Tíminn nýtist mun betur en áður.

„Það er afskaplega auðvelt að senda út kannanir til mark-



hópa og umhverfið safnar og heldur utan um þátttöku og niðurstöður. Þetta kerfi getur líka verið hentugt þegar nemendur velja til dæmis viðfangsefni á útivistardegi, þá er hægt að láta kerfið safna saman niðurstöðum nemenda og hægt er að raða í hópa á augabragði,“ segja Kristín Bergþóra og Linda Rós.

Þær eru sannfærðar um að fleiri skólar gangi til liðs við Google í framtíðinni.



„Miðað við áhuga og undirtektir hef ég trú á að notkun á Google for Education breiðist hratt út,“ segir Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Oddeyrarskóla.

„Já, það er alveg öruggt, Google býður upp á frítt ótakmarkað gagnamagn fyrir notendur, þannig að þetta er ódýr leið, svo ekki sé minnst á allan pappírssparnaðinn.

Aðrir skólar áhugasamir

Kristín skólastjóri segir að foreldrar hafi yfirleitt tekið Google vel.

„Já, ég heyrir ekkert annað en jákvæðar raddir og skólaráðið

styður okkur heilshugar. Auðvitað þykir sumum foreldrum þetta svoltið ógnvænlegt í byrjun og líklega þarf að efna til fræðslufunda fyrir þá í framtíðinni. Eftir því sem tíminn líður er ég samt sem áður ekki frá því að foreldrar séu smátt og smátt að læra á þetta umhverfi. Ég er sannfærð um að þeir verða vel með á nótunum í framtíðinni. Skólastjórar eru áhugasamir og við höfum verið fengnar til að kynna þetta rafræna nám í öðrum skólum hérna fyrir norðan. Miðað við áhuga og undirtektir hef ég trú á að notkun á Google for Education breiðist hratt út. Það verða því örugglega margir sem læra með Google á næstu árum.“


Kristín segir að á döfinni sé að heimsækja breska skóla sem hafa náð langt í innleiðingu á upplýsingatækni í skólastarfi. Þannig fáist vonandi innsýn í fleiri notkunarmöguleika í þessum efnum og tengsl verði mynduð við skóla sem hafa náð langt í þessari innleiðingu.



RATLEIKUR UM HEIMINN

Fjölmargir kennarar nýta í dag samskiptaforritið Skype í kennslustofunni. Með því er á einfaldan hátt hægt að tengjast öðrum kennurum og nemendum um allan heim.





Árið 2003 kynntu hinn danski Janus Friis og Svíinn Niklas Zennström í samstarfi við Ahti Heinla, Priit Kasesalu og Jaan Tallinn frá Eistlandi til sögunnar nýtt samskiptaforrit sem bar nafnið Skype. Forritið varð fljótt gríðarlega vinsælt og í dag eru notendur þess um 300 milljónir talsins. Skype er í eigu Microsoft sem keypti það árið 2011 á 8,3 milljarða Bandaríkjadala (1.122 milljarða króna).

Þó flestir tengi Skype helst við videó-samtöl við vini og ættingja milli landa eru notkunarmöguleikarnir óteljandi, þar á meðal í skólastarfi. Fyrirtækið sjálft hvetur einmitt kennara til að nýta forritið við kennslu og heldur úti síðunni „Skype in the Classroom“ til að leiðbeina kennurum í því efni. Fjölmarginir sjálfboðaliðar bjóðast þar til að fræða nemendur um allt frá mannréttindum og þróunaraðstoð yfir í tölvunarfræði og allt þar á milli. Það þarf heldur ekki að leita lengi á vefnum til að finna umfjallanir um möguleikana. Ein sú ítarlegasta er skrifuð undir fyriresögninni „Fimm tíu frábærar leiðir til að nota Skype við kennslu“.

„Nemendur fá þjálfun í landafræði, ensku, rökhugsun, tjáningu og samvinnu, svo eitthvað sé nefnt.“

MysterySkype

Einn möguleikanna sem Skype býður upp á er MysterySkype sem í raun er leikur þar sem nemendur frá tveimur skólum í mismunandi löndum reyna að finna út hvar hinn hópurinn er staðsettur. Í upphafi þarf skóli eða kennari að skrá sig á heimasíðu Mysteryskype þar sem fyrir má finna þúsundir skóla alls staðar að úr heiminum. Ein þeirra sem nota MysterySkype reglulega er María Hrönn Valberg, skólustjóri Grunnskóla Öndarfjarðar á Flateyri. Hún segist hafa kynnst leiknum á ráðstefnunni BETT í fyrra.

„Í raun er þetta afar einfalt. Þú finnur skóla sem þú hefur áhuga á og sendir honum eða kennara við skólann beiðni á MysterySkype. Svo ákveða kennararnir einfaldlega tíma fyrir



leikinn. Í fyrstu skiptin þarf að undirbúa krakkana vel og fara til dæmis yfir hvernig spurninga á að spyrja. Einnig þarf að kenna þeim ákveðna þætti í landafræði, t.d. fara yfir heimsálfurnar, finna út hvaða lönd eru í norðri, suðri, austri og vestri og þess háttar.“

María Hrönn segir að nemendurnir megi aðeins spyrja spurninga sem hægt er að svara með „já“ eða „nei“. „Þetta er stórskemmtilegt og nemendurnir bíða alltaf spenntir eftir næsta Skypefundi. Svo er þetta svo fin kennsluaðferð því nemendur fá þarna þjálfun í landafræði, ensku, rökhugsun, tjáningu og samvinnu, svo eitthvað sé nefnt.“

María segir að eftir hvern leik búi nemendur til miða með upplýsingum um staðinn sem verið var að tala við. „Miðarnir eru festir upp á vegg á heimskort og á skólasýningu í maí verður kynning á öllum stöðunum sem nemendur hafa heimsótt í gegnum Skype um veturinn.“

María segist vonast til að fleiri íslenskir kennarar tileinki sér forritið. „Ég hef reyndar sagt kennurum að hafa í fyrsta skiptið samband við annan skóla á Íslandi. Nemendur eru öruggari á eigin tungumáli og það gerir allt auðveldara. Annars hvet ég alla kennara til að tileinka sér MysterySkype og mæli hiklaust með leiknum.“

Einstök upplifun

Nemendur í Grunnskóla Önundarfjarðar töluðu á dögunum við nemendur í tékkneskum skóla í gegnum Skype. Tékkneski kennarinn sendi að því loknu þakkir sínar í tölvupósti sem við birtum hér í lauslegri þýðingu:

„Á fimmtudaginn spiluðu nemendur í níunda bekk í fyrsta skipti MysterySkype með nemendum frá Grunnskóla Önundarfjarðar á Íslandi. Í upphafi voru krakkarnir feimnir og því erfitt að fá þá til að tala, en fljótlega komust þeir yfir feimnina og urðu því margs vísari við að ræða við nemendur sem búa svona langt í burtu. Það var mjög skemmtilegt að tala við krakka í skóla þar sem aðeins eru fimmtán nemendur. Það var einnig einstök upplifun að virða fyrir sér útsýnið frá skólanum og sjá snjó,



María Hrönn Valberg
skólustjóri





Grunnskóli Önundarfjarðar er einn þeirra sem tileinkað hefur sér Skype við kennslu. Nemendur skólans eru nú í reglulegum samskiptum við jafnaldra sína víðsvegar um heiminn.

fjöll, dæmigerð íslensk hús og síðan meiri snjó. Auk þess að tala saman á ensku, leyfðu nemendur hver öðrum að heyra hvernig nokkur orð hljóma á móðurmálinu og svo sungum við nokkur lög saman. Þetta var hin besta skemmtun og mjög fín ensku-þjálfun fyrir okkur.

Mig langar að þakka íslenska kennaranum henni Maríu fyrir að veita okkur þetta dásamlega tækifæri.“



Heimsins ferskasti og besti kanill

Ground Saigon Cinnamon frá Vietnam er af sérfræðingum talinn vera besti fánlegi kanillinn í heiminum í dag.

Gefur ferskt, angandi, kryddað og kraftmikið bragð.

aman

Háteigsvegi 1 • 105 Reykjavík • Sími 533 1020
aman@aman.is • www.aman.is





Kunnugleg umræða fer nú fram í Danmörku um hversu vel nemendur sem útskrifast úr menntaskólum þar í landi eru í stakk búnir til að takast á við háskólanám. Ljósmynd: Jacob Nielsen.

ERU DANSKIR HÁSKÓLAR AÐ BREYTAST Í MENNTA- SKÓLA...

...og af hverju vill ungt fólk í Danmörku ekki leggja stund á iðnnám?



U

Umræður og fréttir um skólamál hafa verið áberandi í dönskum fjölmiðlum á undanförunum mánuðum. Fyrir skömmu var hart tekist á um fyrirkomulag kennslu, viðveru kennara og heimavinnu og tengdist það kjarasamningum kennara. Annað hefur þó verið fyrirferðarmeira í miðlunum að undanförunu, undirbúningur stúdenta fyrir háskólanám og spurningin um af hverju svo fá ungmenni vilja leggja stund á verknám.

Það var dagblaðið Berlingske sem hóf þessa umræðu með margra tölublaða greinaflokki og flest hin dagblöðin blönduðu sér fljótlega í hana, ásamt danska útvarpinu. Samkvæmt könnun sem Berlingske gerði meðal rúmlega tólf hundruð háskólakennara hafa fjórir af hverjum tíu kennurum, á síðastliðnum þremur árum, endurskipulagt kennslu sína vegna þess að nemendur hafa ekki haft kunnáttu og eða getu til að takast á við námsefnið. Í könnuninni kom líka fram að þetta væri mikil breyting frá því sem áður var. Könnunin var nafnlaus, en einn „gamalreyndur prófessor“ eins og hann kallaði sig sagði að fyrir tíu til fimmtán árum hefði ekki komið til greina að háskólakennarar önsuðu slíku enda hefði það aldrei komið til tals. Í könnun Berlingske kom enn fremur fram að háskólakennararnir teldu að einn af hverjum tíu sem lokið hefði stúdentsprófi og fengið inngöngu í háskóla ætti ekkert erindi þangað, væri allsendis ófær um að stunda nám á háskólastigi, skorti bókstaflega allt sem til þyrfti og dytti þess vegna fljótlega út.



*Borgþór
Arngrímsson*

Engar kröfur um lágmarkseinkunn í menntaskólana

Undanfarið hafa flokkarnir á danska þinginu eytt miklum tíma í að ræða umbætur á menntaskólakerfinu, þ.e. kennslunni, einkunnagjöf o.fl. Meðal þess sem mikið hefur verið rætt er hvort rétt væri að gera kröfur um lágmarkseinkunnir fyrir inngöngu í menntaskóla, til dæmis í dönsku og stærðfræði. Stjórnarandstöðuflokkarnir eru hlynntari slíkum kröfum og



segja mikilvægt að þora að gera kröfur. Sumir þeirra hafa nefnt einkunnina 7 í stærðfræði (hæst er gefin einkunnin 12 í dönskum skólum) og 4 í dönsku. Þetta vilja stjórnarflokkarnir ekki, segja að möguleikar margra til að komast í menntaskóla myndu skerðast. Margar ástæður geti verið fyrir því að ungu fólki gangi

„Danskir stjórn- málamenn leggja aukna áherslu á að nemendur fari hratt gegnum nám og komist sem fyrst út á vinnumarkaðinn“

ekki vel í grunnskólanum og rannsóknir sýni að mörgum sem koma í menntaskóla með slakar einkunnir vegni mjög vel í menntaskólanámi. Ef settar yrðu reglur um lágmarks-einkunnir myndi það útiloka stóran hóp (um 15%) frá því að komast beint í menntaskóla eftir grunnskólanám. Sá hópur þyrfti að bæta við sig námi til að uppfylla kröfurnar og það yrði þá til að seinka því fólki um að minnsta kosti eitt ár. Eftir langar og tímafrekar umræður í danska þinginu náðist ekki samkomulag

um lágmarkseinkunnir og allt verður því óbreytt: þeir sem ná grunnskólaprófinu geta hér eftir sem hingað til hafið menntaskólanám. Og þeim sem það velja fjölga stöðugt.

Og hvað svo?

Margir þeirra sem um þessi mál hafa fjallað að undanfögnu telja að sökum þess að menntaskólarnir verði að taka við öllum sem ná grunnskólaprófinu lækki „standardinn“. Skólarnir lagi sig einfaldlega að nemendahópnum og þegar engrar lágmarks-einkunnar sé krafist verði útkoman þessi. Þá hefur verið bent á að hægt sé að samræma stúdentsprófið þannig að það verði eins konar „landspróf“. Mjög skiptar skoðanir eru um þá leið. Sumir hafa bent á að þá fari kennslan að beinast of mikið í þá átt að miða allt við stúdentsprófið og milli skólanna myndist eins konar keppni, en aðrir telja slíkt einungis af því góða.

Háskólamenn kvarta

Hver sem ástæðan kann að vera eru háskólakennarar sammála um að háskólakennslan hafi færst neðar, eins og þeir orða það. Duglegu og samviskusömu nemendurnir séu vissulega til staðar





Allt of fáir danskir nemendur leggja nú stund á iðnnám. Að óbreyttu mun um 90 þúsund iðnaðarmenn vanta í Danmörku árið 2030. Ljósmynd Jacob Nielsen.

eins og áður en þeim slöku hafi hins vegar fjölgað mjög og það dragi kennsluna niður. Tölurnar um fjölda nemenda sem byrja í háskólanámi segja sína sögu, árið 2006 hófu um það bil 20 þúsund nemendur háskólanám í Danmörku, 2014 voru þeir tæplega 30 þúsund. Ralf Hemmingsen, rektor Kaupmannahafnarháskóla, og Hanne Leth Andersen, rektor Háskólans í Hróarskeldu, skrifuðu langa grein um þessi mál sem birt var í Berlingske. Þau vilja alls ekki fallast á að byrjunarnámið í háskólunum líkist æ meira menntaskólanámi en segja vissulega rétt að í byrjunarnáminu fari nú meiri tími í „upprifjun“ eins og þau orða það. Þau nefna líka að stjórnámamenn hafi á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að fleiri afli sér háskóla-menntunar og þrýst á háskóla landsins að taka inn æ fleiri nemendur. Það er yfirlýst stefna núverandi stjórnar að sem flestir afli sér háskóla-menntunar og árið 2020 fari að minnsta kosti 25% hvers árgangs sem lýkur grunnskólaprófi í lengra háskólanám. Rektorarnir tveir segja líka í áðurnefndri grein að tímapressan sé alltaf að aukast, stjórnámamennirnir leggi aukna áherslu á




að nemendur fari hratt gegnum námið og komist sem fyrst út á vinnumarkaðinn. Þetta, ásamt minni fjárveitingum til skólanna, hljóti að hafa áhrif.

Lektor við Kaupmannahafnarháskóla skrifaði fyrir skömmu grein í Háskólablaðið þar sem hann fjallar um minnkandi aga og áhuga stúdenta. Hann segir að í námskeiðum þar sem 120 eru skráðir mæti að jafnaði um það bil 30. Svo séu nemendur sem mæti sjaldan eða aldrei í tímana að agnúast út í kennarana og gefi þeim laka einkunn í nemendamati (þar sem nemendur meta kennsluna og kennarana). Kennari sem fái slaka útkomu úr nemendamatinu sé svo krafinn skýringa á henni hjá yfirstjórninni. Margir háskólakennarar hafa tekið undir þetta. Mörgum skólamönnum þykir stjórnámamennirnir sýna skólamállum lítinn áhuga, nema kannski helst þegar kosningar nálgast en hér í Danmörku fara þingkosningar fram síðar á árinu, í síðasta lagi fyrir miðjan september.

Færri vilja munda rörtöngina og sveifla múrskeiðinni

Eftir að nemendum í iðnnámi hafði fækkað um margra ára skeið varð skyndilega breyting á árið 2013 en það ár fjölgaði iðnnemum talsvert. Engar augljósar skýringar blöstu við en afleiðingar kreppunnar voru þó taldar líklegastar. Það vakti athygli að nýnemarnir voru eldri en áður, eða með meðalaldur upp á rúmlega 20 ár. Þessi „uppsveifla“ stóð þó ekki lengi og í dag hefur iðnnemum aftur fækkað. Landssamband danskra iðnaðarmanna dregur upp dökka mynd af ástandinu og telur að með sama áframhaldi muni vanta um 90 þúsund iðnaðarmenn árið 2030. Fækkunin nær til allra greina, en áhuginn er minnstur fyrir námi í pípulögnum og múrverki. Stjórnarmaður í iðnaðarmannasamtökunum sagði að einhverra hluta vegna þætti ekki fínt að vera iðnaðarmaður. Því hugarfari þyrfti að breyta þótt það væri sjálfsagt hægara sagt en gert.

A group of young children in a gymnasium, wearing white protective vests over dark clothing, are engaged in a physical education activity. They are holding colorful hula hoops. The floor is made of interlocking rubber mats in shades of green, red, and blue. In the background, a woman in a red and black uniform is observing the children. The walls are blue and orange.

HUGSJÓNAFÓLK Í MONTERREY

Fyrstu þúsund dagarnir í lífi barns eru í brennidepli í starfsemi CENDI-samtakanna í Monterrey í Mexíkó. Samtökin reka 16 leikskóla og einn grunnskóla þar sem börnin njóta handleiðslu frá 45 daga aldri. Sjö manna sendinefnd á vegum Háskólans á Akureyri, Miðstöðvar skólapróunar, Sjúkrahússins á Akureyri og Akureyrarbæjar kynnti sér starfsemi CENDI nýlega. Kristín Dýr-fjörð sem leiddi hópinn, segir frá því sem fyrir augu bar í Monterrey.



V

„Við urðum vitni að afskaplega merkilegu hugsjónastarfi; starfi sem gengur út á það eitt að hlúa að og styrkja minnstu þegna landsins til aukins þroska og menntunar og um leið gera þá hæfari til að taka við keflinu þegar þeirra tími kemur,“ segir Kristín Dýrfjörð, dósent og leikskólakennari við Háskólann á Akureyri.

CENDI-samtökin voru Kristínu ekki alveg ókunn því hún heimsótti Monterrey ásamt Guðrínu Öldu Harðardóttur, leikskólastjóra Aðalþings, síðastliðið haust. Þær héldu báðar erindi á ráðstefnu CENDI og Kristín segir ferðina hafa verið mikið ævintýri. „Við fengum auðvitað svolítið menningarsjokk í upphafi en smám saman urðum við þess áskynja að þarna fór fram stórmerkilegt starf.“

Stofnendur og frumkvöðlar CENDI eru hjónin Alberto Anaya Guterrez og Maria Guadalupe Rodriguez Martinez. Þau vildu að sögn Kristínar leggja sitt af mörkum til að styrkja samfélagið og álitu að best væri að breyta því innan frá. „Þau horfðu annars vegar til Kúbu og hins vegar til Norðurlandanna. Þau sáu að fyrst yrðu þau að styrkja innviði fátækrahverfanna með því að byggja upp heilsugæslu, mæðravernd og leikskóla. Þar sem í Mexíkó eru ekki til lög eða reglugerðir sem tryggja fjármagn til menntunar yngstu barnanna varð þeirra leið að stofna stjórn mála flokk, vinstrisinnnaðan flokk sem kallast Partido del Trabajo (Verkamannaflokkurinn) sem hefur það hlutverk að berjast fyrir réttindum yngstu samborgaranna, CENDI og menntunarmálum almennt. Nú er staðan sú að Alberto situr á mexíkóska þinginu en Maria stýrir skólustarfinu,“ segir Kristín og bætir við að markmið CENDI sé að koma í veg fyrir að börnin verði síðar meir „fóður“ fyrir eiturfjáhringi. „Monterrey er borg í greipum óttans og því miður starfa þar eiturfjáhringir sem hafa sterk ítök í samfélaginu.“





FERÐALANGARNIR

Íslenska hópinn skipuðu auk Kristínar Dýrfjörð, Elína Díanna Gunnarsdóttir, dósent og sálfræðingur við HA, Gróa Björk Jóhannesdóttir, barnalæknir og framkvæmdastjóri Sjúkrahússins á Akureyri, Hólfríður Árnadóttir, leik- og grunnskólakennari og sérfræðingur við MSHA, Jónína Hauksdóttir, leikskólakennari og skólastjóri á Naustatjörn, Sigfríður Inga Karlsdóttir, ljósmóðir og dósent við HA, Sigríður Sía Jónsdóttir, ljósmóðir og lektor við HA og Friðrik Þór Guðmundsson stjórnmálafræðingur.

um 16 prósent fæðinga hérlendis eru keisaraskurðir.

„Konurnar eru þar með komnar inn í mæðravernd; þær fá fræðslu um næringarfræði og boðið er upp á lamaze-öndunar- og líkamsæfingar. Þetta er gert til að stuðla að góðri heilsu á meðgöngunni og eðlilegri fæðingu. Hjá CENDI er reglan sú að konur sem eru á vinnumarkaði fá aðgang að fullu prógrammi en þær sem eru heimavinnandi koma tvisvar í viku með börnum sínum, þar sem þær læra umönnun barnsins, hvaða næring hentar en mesta áherslan er á að leika við og örva barnið. Þessi aðferðafræði heillaði mig og ekki síst þessi mikla áhersla á samveru við barnið, næringu og heilastarfsemi fyrstu þúsund dagana,“ segir Kristín.

Unnið markvisst með heilann

Konur í Mexíkó njóta ekki mikilla réttinda þegar kemur að fæðingarorlofi en þær geta verið með barni sínu fyrstu 45 dagana eftir fæðingu. „Ferlið hefst hins vegar mun fyrr hjá CENDI, eða þegar konurnar eru komnar 12 vikur á leið. Eitt af markmiðum CENDI er að stuðla að eðlilegum fæðingum en um 90 prósent mexíkóskra barna eru fædd með keisarskurði. Þetta er eitt hæsta hlutfall í heimi,“ segir Kristín en til sam-
anburðar má nefna að





Lesið fyrir þriggja mánaða gömul börn. Málörvun hefst strax við upphaf skólagöngunnar en flest börnin koma til CENDI þegar þau eru 45 daga gömul. Kennarinn skartar hárnети eins og allir starfsmenn CENDI og reyndar gestir líka. Hárnетиð er eitt markra tákna um hreinlæti sem er í hávegum haft.

Íslenski hópurinn heimsótti nokkra skóla á vegum CENDI, til dæmis ungbarnadeildir þar sem voru um tuttugu börn á aldrinum frá 45 daga og upp í eins og hálfis árs. En á eldri deildunum eru börnin allt að 36 saman á deild með tveimur kennurum. „Menntastefnan byggist að miklu leyti á taugasálfræði og taugavísindum; unnið er með heilann frá fyrsta degi. Við tókum líka eftir því hve börnin voru hávaxin og þar er hin vandaða næring sterkur þáttur. Skólarnir eiga það líka sammerkt að vera rosalega hreinir; starfsmenn sem vinna á yngstu deildunum eru með hárnети og allt er gljáandi hreint. Læknir starfar í hverjum skóla og á hverjum morgni tekur hann ásamt hjúkrunarfræðingi á móti börnunum. Þá er kannað hvort börnin séu heil heilsu en líka hvort þau séu ekki hrein og strokin. Leið CENDI til að stuðla að almennu hreinlæti barna var að taka upp skólabúninga og CENDI leggur börnunum til fatnaðinn og er afar mismunandi hversu mikið foreldrar þurfa að borga; það fer allt eftir efnahag fjölskyldunnar. Sumir eilítið, aðrir ekkert.



Danskennsla góður undirbúningur fyrir lestur

Námsferill barnanna í CENDI hefst strax og þau koma, 45 daga gömul, og námið miðar að því að örva heilastarfsemina. Að sögn Kristínar er allt ferlið í raun og veru undirbúningur fyrir lestur. „Málörvun hefst mjög snemma og við sátum til dæmis í málörvunarstund hjá þriggja mánaða börnum. Slík stund stendur



Börnin í CENDI byrja ung að læra ensku, enda Bandaríkin skammt undan. Tölvuleikir og söngur eru undirstaða enskukennslunnar.

yfir í um 20 mínútur og börnunum, sem sitja í ömmustólum, er raðað í hring. Leikskólakennararnir nota dót og spjöld; ef textinn fjallar til dæmis um traktor þá eru þeir með traktor. Auk þess er mikið áhersla lögð á söng og mikið sungið með yngstu börnunum. Þá eru notaðir háir tónar og raddir sem rannsóknir hafa sýnt að ná til yngstu barnanna. Þannig er unnið með málörvun frá upphafi. Aðferðafræði á

borð við þessa hefur komið til umræðu hér, til dæmis í verkefni-
inu Okkar mál í Breiðholti,“ segir Kristín.

Það vakti athygli íslensku ferðalanganna að í hverjum skóla er að finna víðáttumikla sali ætlaða til hreyfingar. „Það er lögð mikil áhersla á hreyfingu. Dans og karate eru greinar sem börnin læra frá unga aldri. Í dansinum er mikið byggt á þjóðlegum hefðum en það er trú kennara í CENDI að dansinn sé mikilvægur í þroskaferlinu. Börnin læra þar ákveðna röð og reglu, hvað kemur fyrst og hvað svo, sem eru grundvallaratriði fyrir lesturinn síðar meir. Karate þykir líka gott fyrir heilastarfsemina,“ segir Kristín og bætir við að auk hreyfingar sem ætlað er að örva heilann og byggja grunn undir lestrarfærni þá sé enskan einnig námsgrein sem þygi mikilvæg. „Bandaríkin eru afskaplega ná-



lægt og það hefur örugglega áhrif, en enskukennslan fer einkum fram með tvennum hætti, í gegnum tölvuleiki og með söng,“ segir Kristín.

Vilja viðurkenningu að utan

CENDI er miklu meira en bara skóli því segja má að samtökin hafi byggt upp eigið velferðarkerfi innan fátækrahverfanna.

Börnin njóta þess að hjá CENDI starfa auk kennara, nær-ingarfræðingar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, barnalæknar og

hjúkrunarfræðingar. Auk þess starfa tannlæknir og tvær ljósmæður á vegum samtakanna. „Þessi umgjörð hefur gefið góða raun og samfélagslegu áhrifin eru jákvæð. Það er ekki bara barnið sem nýtur menntunar og góðs atlatís heldur öðlast fjölskyldan öll tækifæri til að fræðast um uppeldi, menntun og heilbrigði.“



Söngur og aftur söngur er eitt af aðalsmerkjum CENDI-skólanna. Orðaforði barnanna er aukinn með söng og þá fer enskukennsla eldri barna að miklu leyti fram í söngtímum.

Spurð hvers vegna samtökin leiti til skólafólks á Norðurlöndum segir

Kristín að þau vilji gjarna fá auka „augu“ á starfseminu. „Að ákveðnu marki vilja þau fá gagnrýni en líka staðfestingu á að verið sé að gera góða hluti. Því þekktari sem samtökin eru og því fleiri sem vita hvað þau standa fyrir, því erfiðara er að slá þau af heimafyrir,“ segir Kristín og bætir við að vegna þessa sé gæðaeftirlit í skólunum til dæmis mjög strangt. „Hreinlætið er sérkapítuli en það sendir ákveðin skilaboð út í samfélagið. Aðrir hlutir eru líka skoðaðir ofan í kjölinn og ef fundið er að atriði í störfum leikskólustjóra þá hefur hann eitt ár til að gera umbætur. Takist það ekki þá er viðkomandi sagt upp störfum. Það er engin miskunn í þeim efnum.“



Nýjar hugmyndir í farteskinu

Ferðin til Monterrey var afar lærdómsrík fyrir alla sem tóku þátt. „Við urðum vitni að hugsjónastarfi sem er einstakt. Starfsfólk CENDI og frumkvöðlarnir vinna gríðarlega gott starf og viðleitni þeirra til að læra meira og bæta starfið er virðingarverð,“ segir Kristín og bætir við hópurinn hafi komið heim með nýjar hugmyndir á ýmsum sviðum.

„Ég myndi til dæmis vilja sjá ungbarnaverndina hér taka inn hluta af því sem var í boði hjá CENDI. Þessi markvissa þjálfun frá 3ja mánaða aldri fannst mér heillandi; hvernig mæðurnar læra ungbarnanudd þar sem barnið er alltaf strokið frá hægri hendi og yfir á vinstri fót. Miðlínan er strokin og svo unnið með krossun fóta. Fjaðrir voru notaðar til að strjúka barninu og yngstu börnin fengu sérstakar mottur með mismunandi áferð til að strjúka og snerta. Þau læra að snerta og hlusta á hljóðin sem myndast við snertingu, og allt þetta er hugsað sem undirbúningur fyrir lestrarkennslu síðar, hvað sem manni finnst svo um það. Við fengum að sjá rannsóknir sem sýna árangur þessara aðferða. Söngurinn er annað atriði sem starfsfólk CENDI beitir mjög markvisst í náminu. Þetta er atriði sem ég myndi vilja sjá meira af hér á landi og einnig hvernig unnið er með orðaforðann,“ segir Kristín.

Starfsfólk CENDI hefur lýst áhuga á að koma til Íslands og kynna aðferðir sínar og læra um leið af íslensku leikskólastarfi. „Þau vilja efla sköpun í sínum skólum en það er einmitt atriði sem stendur veikum fótum í skólum CENDI. Þar höfum við ýmislegt fram að færa og á móti getum við læra aðra hluti af þeim,“ segir Kristín Dýrfjörð.

LEIKSKÓLAKENNARAR

Á Leikskólann Laugalandi vantar okkur leikskólakennarara, karla eða konur.

Leitað er eftir áhugasömum, metnaðarfullum leikskólakennurum sem hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og tilbúnir til að vinna eftir sérstökum áherslum skólans.

Leikskólinn Laugalandi er um 30 barna einnar deildar leikskóli staðsettur í Rangárvallasýslu, í um 100 km fjarlægð frá Rvk. Umhverfi skólans einkennist af fjölbreyttri íslenskrri náttúru sem býður uppá endalausa möguleika fyrir leik og nám.

Helstu áherslur í starfi eru m.a. traust og góð umönnun og vellíðan barnanna. ART þjálfun (þjálfun í félagsfærni, reiðistjórnun og siðferði), upplýsingatækni, útikennsla og fjölbreyttar vinnustundir sem stjórnast ekki af „klukkunni“ heldur af áhuga barnanna, leik og hæfni hverju sinni.

Mikil og góð samvinna er við grunnskólann sem er undir sama þaki og leikskólinn. Umsóknir ásamt meðmælum skulu sendast á Leikskólann Laugalandi, 851 Hella fyrir 1. júní.

Upplýsingar veitir Sigrún Björk Benediktsdóttir, leikskólastjóri Sími: 487-6633

Veffang: <http://www.leikskolinn.is/laugaland>



DAGUR Í LÍFI

Guðrún Sólveig er leikskólastjóri á leikskólanum Rauðhóli í Norðlingaholti. Þetta er stór vinnustaður með 212 börn, um 60 starfsmenn og starfsemi í þremur húsum í hverfinu, og Guðrún Sólveig hefur í mörg horn að líta. Engir tveir dagar eru eins að sögn hennar en vinnudagurinn er jafnan ánægjulegur. Anton Brink ljósmyndari fylgdist með degi í lífi Guðrúnar Sólveigar snemma í apríl.





Kl. 7.20 Guðrún Sólveig gengur til vinnu sinnar árla morguns í apríl. Það er ekki langt að fara og gott að geta stundum skilið bílinn eftir heima.



Kl. 7.30 Fataklefinn í Litum á Sandavaði snemma morguns. Guðrún Sólveig tekur alltaf á móti börnunum þar á fimmtudögum. „Mér finnst gott að sjá foreldra og að þeir sjái mig stundum,” segir hún. Rauðhóll er á þremur stöðum; Litir eru við Sandavað, Ævintýr við Árvað og Björnslundur er útideild leikskólans.





Kl. 7.45 Dagurinn hefst í rólegheitum og Guðrún Sólveig spjallar við nemendur. „Morgun-
stundin er ljúf, við erum tvær að taka á móti, og dásamlegt þegar börnin tínast inn í hús.“ Alls
eru að jafnaði 86 börn á Sandavaði og tilheyra þau yngri deildum leikskólans.



Kl. 9.00 Starfsmannasamtal á skrifstofu. Guðrún Sólveig og Aðalheiður Björk Matthíasdóttir
aðstoðarleikskólastjóri ræða við Önnu Maríu Albertsdóttur. Guðrún Sólveig segir starfs-
mannasamtölin mikilvæg; reynt sé að koma til móts við óskir um endurmenntun og það sé
stefna leikskólans að leyfa fólki að flæða á milli deilda.





Kl. 9.30 Allar skrifstofur eru uppteknar og Guðrún Sólveig á stuttan fund með sérkennslustjórnunum Margréti Rúnarsdóttur og Hrefnu Ólafsdóttur. Rýmið er bjart og vítt til veggja. Guðrún Sólveig segir salinn fjölnota; á þessari stundu eru börnin að klæða sig eftir íþróttastund og brátt breytist salurinn í matstofu. Góð hljóðvist er í salnum að sögn Guðrúnar Sólveigar og mögulegt að nota hann til margra hluta í einu; jafnvel stunda íþróttir á einum stað og æfa fínhyrvingar í rólegheitum á öðrum stað.



Kl. 9.50 Guðrún Sólveig er komin í eldhúsið á Sandavaði. Þar eru Edyta Kudla og Daria Daniela Kublak að ganga frá eftir morgunmatinn. „Þær eru alveg dásamlegar. Við erum nú bara að spjalla um daginn fram undan og hvort það sé eitthvað sem þarf að bregðast við. Við leggjum mikla áherslu á að eldhúsfólkið okkar sé með í menningunni og taki þátt í gleði vinnustaðarins. Þær elda frábæran mat; baka á hverjum degi og elda allt frá grunni.“





Kl. 11.15 Guðrún Sólveig er komin í annað hús leikskólans, Ævintýr við Árvað. Börnin dunda við ýmislegt; sum lesa, önnur fönðra og leika með kubbana. Þetta eru elstu börnin í leikskól-
anum og Alida Jakobsdóttir sést í bakgrunni.



Kl. 12.30 Matartímanum er lokið og tímabært að koma matarvagninum aftur inn í eldhús. Vegna forfalla tekur Guðrún Sólveig verkið að sér. Tinna Björt og Agnes ýta hins vegar þvottavagni á undan, enda leiðin í eldhús og þvottahús sú sama. Góð samvinna hér.





Kl. 13.30 Stund milli stríða á kaffistofunni. Brynja, Andrea, Heiðar, Halldóra Fanney, Guðrún Sólveig og Alida. „Við ræðum áhugasviðspróf og möguleika til náms. Þetta er unga fólkið okkar í leikskólanum.“



Kl. 14.15 Leikskólinn Lindarborg við Lindargötu sem nú heitir Miðborg. „Ég átti erindi á skóla- og frístundasvið og ákvað að koma við á Lindarborg. Kristín Einarsdóttir tók við þessum leikskóla í janúar og ég ákvað að renna við og óska henni til hamingju.“





Kl. 16.45 Heimsókn í hesthúsið í Víðidal. Fengur og Vikur láta sér ekki bregða við ljósmyndatökuna. „Strákarnir mínir stunda hestamennsku og ég kíkji stundum á þá.“



Kl. 16.50 Synir Guðrúnar Sólveigar, þeir Gabríel Óli og Hákon Dan, eru komnir í hesthúsið. Þar er líka staddur Haukur Hauksson sem hefur þjálfað Hákon Dan og lánað honum hross. Báðir strákarnir eru keppnismenn í hestamennsku. „Ég og Margrét, dóttir mín, erum meira stuðningskonur, sjáum um veitingar og má segja að við séum skemmtanastjórar í hesthúsinu. Það er afslappandi og gott að kíkja í hesthús að loknum vinnudegi.“




Kl. 18.30 Hvað á að borða? Guðrún Sólveig og Margrét skoða uppskriftir á netinu. Dagur er að kveldi kominn, kvöldmaturinn á leið í pottana og síðan er bara slökun framundan.



MIKILVÆGT AÐ TRYGGJA KYNJAFRÆÐINNI SESS

Málþing kynjafræðinema úr sjö framhaldsskólum var vel sótt enda dagskráin afar áhugaverð. Hrafnkell Tumi Kolbeinsson framhaldsskólakennari segir kynjafræðina afar mikilvæga námsgrein og nemendur hafi haft mikið gagn af því að hittast og ræða þennan mikilvæga málaflökk.





„Þingið tókst vel í alla staði og gerður var góður rómur að öllum sem héldu erindi og töluðu við nemendur. Þátttakendur voru rétt um 250 kynjafræðinemar úr átta skólum,“ segir Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, framhaldsskólakennari í Flensborgarskóla og einn skipuleggjenda málþings sem um 250 kynjafræðinemar úr átta framhaldsskólum sóttu 15. apríl síðastliðinn.

Dagskrá málþingsins var afar fjölbreytt; Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra og Auður Magnús Auðardóttir, skólastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur, héldu ávörp og svo var boðið upp á ellefu málstofur þar sem fjallað var um ofbeldi gegn börnum, kynjafræði, konur í kvikmyndum, karla og kynferðisofbeldi, samþykki sem skilyrði, druslugöngur og margt fleira. Skipulag og undirbúningur málþingsins var í höndum kynjafræðikennara í Flensborgarskólanum, Fjölbrautaskólanum í Ármúla, Kvennaskólanum og Menntaskólanum í Kópavogi.

Málstofa Maríu Lilju Þrastardóttur blaðamanns sem bar yfirskriftina „Druslugangan og slutshaming“ endaði á því að sett var af stað átak undir myllumerkinu #6dagsleikinn á Twitter þar sem varpað er ljósi á hversdaglegt misrétti. Umræður í málstofunni voru mjög frjóar og þátttakendur duglegir að benda á ýmis dæmi um hvernig misrétti kynjanna birtist á degi hverjum; hvernig talað er niður til kynjanna og ósmekklegr ummæli viðhöfð. María Lilja hvatti alla viðstadda til að tísta þegar í stað undir #6dagsleikinn og vakti framtakið fljótlega athygli fjölmiðla. Nú, viku síðar, er átakið enn á fullri ferð; tístin orðin nokkur hundruð og lifandi umræða um hvernig misrétti kynjanna birtist í óteljandi myndum.

Purfum alltaf að gera betur

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var fyrstur á mælendaskrá málþingsins. Utanríkisráðherra sagði jafnréttismál um langt skeið hafa verið eitt af áhersluatriðum í utanríkisstefnu Íslands og einnig í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Hann sagði Ísland tróna á toppi Jafnréttisvísitölunnar (Global Gender Index)



en það fæli í sér mikla ábyrgð; við værum fyrirmynd annarra ríkja og afl til breytinga.

„Við þurfum alltaf að hafa hugfast að þrátt fyrir tölfræðina eru þessi mál langt frá því að vera fullkomin hér á landi. Við megum ekki missa sjónar á að halda baráttunni áfram gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, gegn launamun kynjanna, hrelliklámi, kynbundnu náms- og starfsvali og svo mætti áfram

telja. Þó við stöndum okkur vel þá þurfum við að gera enn betur,“ sagði Gunnar Bragi.

Hugarfarsbreyting skiptir mestu, að sögn ráðherrans, til að við getum stigið skrefið til fulls. „Þannig gegnir kynjafræðinám í framhaldsskólum ákaflega mikilvægu hlutverki og það er von mín að kynjafræði verði kennd sem víðast og á sem flestum skólastigum. Það sem þið eruð að gera hér í dag er ekki bara mjög mikilvægt, það er bráðnauðsynlegt og það er mikil uppörvun fyrir stjórnámamann eins og mig að sjá hvað þið eruð að gera hér í dag,“ sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra meðal annars í setningarávarpi sínu.

MÁLSTOFURNAR Á ÞINGINU VORU FJÖLBREYTTAR OG ÁHUGAVERÐAR

Ofbeldi gegn börnum – Þorbjörg Sveinsdóttir
Af hverju ertu svona hinsegin? – Ugly Stefánía

Kristjónudóttir Jónsdóttir

Samþykki er skilyrði – Sólveig Rós

Botnleðja, drullumall og svo miklu meira – Haraldur Freyr Gíslason

Glíman um vitneskjuna, ofbeldi heima – líðan unglíngja í skóla - Guðrún Kristinsdóttir

Karlar og kynferðisofbeldi – Hjálmar G. Sigmars-son

Stelpur rokka! – Auður Viðarsdóttir og Áslaug Einarsdóttir (Áa)

Kynjafræði og hvað svo? – Ásta Lovísa

Er löggan bara fyrir karla? - Finnborg Salome Steinþórsdóttir

Öll búum við í Norður Kóreu - Konur í kvikmynd-um – Elísabet Ronaldsdóttir

Druslugangan og slutshaming – María Lilja Þrastardóttir

Jafnréttismál reddast ekki

Auður Magnús Auðardóttir, skólastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur, flutti ávarp undir lok málfingsins. Hún sagðist vonast til að það yrði sprengja úr öllum þeim nemendum sem eru að læra kynjafræði. „Íslendingar segja rosalega oft: „Þetta reddast“. Það er líka ótrúlega margt sem reddast með bjartsýni og ótal margt sem gengur upp í lífinu. En svo er annað sem sem reddast ekki og jafnréttismál eru eitt af því,“ sagði Auður Magnús. Hún hvatti nemendur til að kynna sér baráttusögu þeirra sem hafa





Kynjafræði er á dagskrá margra framhaldsskóla.

verið beittir órétti; svo sem svartra kvenna, samkynhneigðra og fatlaðra svo dæmi séu tekin.

Hún lagði áherslu á að ekki mætti sitja með hendur í skauti þegar jafnréttismál væru annars vegar. „Ef einstaklingurinn er virkur verður fjöldinn okkar styrkur, sungu Rauðsokkurnar um árið. Framtíðin býr í okkur og með smáblóði, svita og tárur getið þið breytt hlutunum,“ sagði Auður Magnús og hvatti nemendurna til að finna sínar eigin leiðir til að vinna að jafnréttismálum, en margar leiðir eru færar í þeim efnum; greinaskrif, listsköpun, tónleikahald og dagleg samskipti í skóla eða á vinnustað í framtíðinni. „Hvar við verðum stödd eftir eitt ár, eftir tíu ár eða hundrað ár er í ykkar höndum,“ sagði Auður Magnús.

Kynjafræðin mótvægi við menningu staðalímynda

Kynjafræðin er vaxandi grein innan félagsvísinda og hún hefur verið í mótun í framhaldsskólunum undanfarnar misseri. Það er líka löngu tímabært að hefja þessa grein til vegs og virðingar því jafnrétti er einn grunnþátta aðalnámskráráttarinnar og frá því árið



1976 hafa lög kveðið svo á um að skylt sé að veita nemendum jafnréttisfræðslu.

Hrafnkell Tumi segir kynjafræðina nauðsynlegt mótvægi við þá menningu sem við búum við, sem er full af heftandi staðalí-

myndum. „Klámvæðing undanfarinna ára, stóraukin framleiðsla og aðgengi að klámefni er sérstakt áhyggjuefni,“ segir Hrafnkell.

Málþingið var kröftugt og vel heppnað að mati Hrafnkels Tuma. „Uppbrot í skólastarfinu er nauðsynlegt með reglulegu millibili. Nemendurnir græddu mikið á að skipta um umhverfi og hitta nemendur úr öðrum skólum sem einnig eru að læra kynjafræði, heyra þeirra spurningar og athugasemdir jafnframt

því að hlýða á spennandi erindi. Þetta var mjög valdeflandi fyrir nemendur ef svo má að orði komast.“

Kynjafræðin er kennslugrein sem er komin til að vera en Hrafnkell Tumi segir vanta kennslubók og annað gott kennsluefni. „Kennarar hafa verið duglegir að hafa samráð og miðla hugmyndum. Námskrárgerð stendur yfir og mikilvægt er að tryggja að kynjafræðin fái verðugan sess í öllum framhaldsskólum landsins,“ segir Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.



Aslaug Sigurbjörnsd
@asiaugarna



Following

Útvarpsmaður eftir viðtal: „Vó, ég sem hélt að það væri ekkert í hausnum á þér, þú lúkaðir þannig fyrst“ [#6dagsleikinn](#)



María Lilja Prastar
@marialiljath



Following

Það að fleiri skuli heiti Finnur í stjórnnum fyrirtækja en konur [#6dagsleikinn](#)



Katla
@ofurbusinn



Follow

Hann er player
Hún er lauslát [#6dagsleikinn](#)




Þrjú tíst úr [#6dagsleikinn](#)-straumnum.



TÓNAFLÓÐ Á BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Barnamenningarhátíð var sett í Hörpu á miðvikudag. Eitt af atriðum opunarhátíðarinnar voru tónleikar rúmlega 600 leikskólabarna, 50 forskólanemenda og eldri nemenda við Tónskóla Sigursveins. Tónleikarnir eru gott dæmi um góða samvinnu leikskólans og tónlistarskólans.





Það var ævintýri líkast að heyra leikskólabörn úr Reykjavík sameinast og flytja sönglög Tryggva M. Baldvinssonar á tónleikum sem voru eitt af upphafsatriðum Barnamenningarhátíðar 2015. Undir söng barnanna léku nemendur úr Tónskóla Sigursveins og auk þess voru fimmtíu forskólabörn á sviðinu. Leikskólabörnin voru alls 629, úr 33 leikskólum, og var hópnum skipt í tvennt.

Yfirskrift tónleikanna var „Ég fæddist í landi sem lifir“ sem er upphafslína Þúsaldarljóðs eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson. Krakkarnir fluttu Þúsaldarljóðið af stakri innlifun og auk þess önnur lög eftir Tryggva. Þá kom Skólahljómsveit Austurbæjar einnig fram og lék verk Tryggva við góðar undirtektir.

Þetta er í fimmta sinn sem Tónskóli Sigursveins efnir til samstarfs við leikskóla í Reykjavík um þátttöku í Barnamenningarhátíð og í öll skiptin hefur íslenskt tónskáld verið heiðrað með þessum hætti.

TÓNLEIKARNIR

Yfirskrift tónleikanna var „Ég fæddist í landi sem lifir“. Lögín eftir Tryggva M. Baldvinsson sem voru flutt heita Heimskringla við texta eftir Þórarín Eldjárn, Fór ég niður í fjöru og Kvöld við texta Hildigunnar Halldórsdóttur og Þúsaldarljóð við texta Sveinbjörns I. Baldvinssonar.

Elfa Lilja Gísladóttir, tónlistarkennari í Tónskóla Sigursveins, hefur stýrt verkefninu og haft veg og vanda af skipulagi og samstarfi við leikskólana. „Undirbúningurinn hefur gengið mjög vel og ég held að allir séu klárir að stíga á svið. Leikskólakennararnir og starfsfólk leikskólanna hafa leitt frábært starf og allir hafa unnið af heilum hug að sama markmiði,“ sagði Elfa Lilja í samtali við Skólavörðuna skömmu áður en tónleikarnir hófust. Hún sagði mikla vinnu liggja að baki í hverjum leikskóla.

„Litrófið innan leikskólanna er stórkostlegt og allir hafa unnið af svo mikilli gleði. Svo er nú ekki amalegt að flytja þessa dásamlegu tónlist hans Tryggva,“ sagði Elfa Lilja. Þess má geta að öll börnin sem komu fram á tónleikunum heimsóttu Tónskóla Sigursveins þar sem prógrammið var æft og börnin fengu að prófa alls kyns hljóðfæri.





Guðlaug Ásgeirsdóttir, leikskólakennari í Dalskóla, mætti með 14 barna hóp í Hörpu. „Mig langar fyrst að fá að hrósa henni Elfu fyrir endalausa hugvitssemi og flotta yfirsýn við stjórn þessa verkefnis,“ sagði Guðlaug.

Æfingaferlið hefur að sögn Guðlaugar staðið síðan í febrúar en þá var haldinn undirbúningsfundur í Tónskóla Sigursveins þar sem tónlistin var kynnt. „Við byrjuðum síðan að vinna með börnunum, kynntumst lögnum og spáðum mikið í textana. Börnin veltu fyrir sér orðum í textunum og heimspekilegum þælingum. Við glæddum lögin lífi með því til dæmis að búa til leikþætti, auk þess auðvitað að æfa sönginn jafnt og þétt,“ sagði Guðlaug.

Hún sagði börnin hlakka til stóru stundarinnar þegar þau





Krakkarnir geisluðu af gleði og krafti þegar þau fluttu hin fallegu sönglög Tryggva M. Baldvinssonar.

stíga á sviðið ásamt öllum hinum börnunum. „Þetta er alltaf mögnuð upplifun og ekki hægt annað en að fyllast stolti þegar tónleikarnir hefjast,“ sagði Guðlaug Ásgeirsdóttir.

Sigursveinn D. Kristinnsson skólastjóri sagði undir lok tónleikanna að þeir væru niðurstaða góðs samstarfs leikskólanna og Tónskólans. Ljóst væri að leikskólakennarar og annað starfsfólk leikskólanna hefði unnið verk sitt með ást og kærleika að leiðarljósi.

Barnameningarhátíð stendur í viku og tónleikar leikskólabarnanna eru aðeins lítið brot af fjölbreyttri og spennandi dagskrá hennar.

Faghandleiðsla

fyrir kennara og námsráðgjafa

Handleiðsla er líkleg til að stuðla að vellíðan í starfi. Hún er fyrirbyggjandi þáttur varðandi starfsþreytu, skerpri markmiðssetningu og eflir samskiptahæfni. Nýttu þér rétt þinn til handleiðslu, sbr. 3. gr. í úthlutunarreglum sjúkrasjóðs frá 1. des. 2005.

Guðrún H. Sederholm
MSW fræðslu - og skólafélagsráðgjafi,
námsráðgjafi og kennari.

**Lundur 92, 200 Kópavogur / S. 554-4873 / Gsm: 8645628 /
gsed@simnet.is**

NÁMSKEIÐ SKÓLASTJÓRNENDA UM NÝTT VINNUMAT

Skólastjórafélag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa að undanfögnu efnt til tveggja daga námskeiða fyrir skólastjórnendur sem bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd vinnuááttanna innan hvers skóla.

Námskeiðin hafa gefið góða raun og þátttaka verið mikil. Tvö námskeið, þau síðustu að sinni, eru framundan; dagana 27. og 28. apríl á Egilsstöðum og dagana 29. og 30. apríl í Gufunesbænum í Reykjavík. Síðarnefnda námskeiðið er



ætlað félagssvæði Reykjavíkur og Vestfjörðum. Allar nánari upplýsingar er að finna á

vefsíðu Skólastjórafélagsins á www.ki.is.

UPPLÝSINGAVEITA UM SÍMENNTUN OG STARFSÞRÓUN

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðgjafi, opnaði 19. mars formlega [nújan vef](#) þar sem safnað er saman upplýsingum um fræðslu og símenntun. Vefurinn er ætlaður kennurum og skólastjórnendum í grunn-, framhalds- og tónlistarskólum, sem og kennslu-, náms- og starfsráðgjöfum á skólastigunum þremur.

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara stendur að vefnum en markmiðið er að styrkja umræddar starfsstéttir faglega og stuðla að betri starfsþróun. Á vefnum verða upplýsingar um m.a. námskeið, fyrirlestra, ráðstefnur, málþing og samstarfsverkefni, en allt efni er flokkað og merkt út frá skólastigum. Vonir standa til með vefnum geti þeir sem sækja og sinna símenntun og starfsþróun fengið á einum stað upplýsingar um hvaða nám og viðburðir eru í boði, og einnig á hvaða sviðum framboð skortir.

NAFNI FT BREYTT

Nafni Félags tónlistarskólakennara var breytt á aðalfundi félagsins þann 21. febrúar síðastliðinn. Nýtt heiti félagsins er Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum. Skammstöfunin FT verður þó áfram óbreytt. Sigrún Grendal, formaður FT, segir ástæðuna þá að nýtt nafn feli í sér heiti beggja hópa félagsmanna, kennara og stjórnenda, og sé þannig betur lýsandi fyrir félagið. „Ég tel að þessi nafnbreyting hafi verið tímabær og er mjög sátt við nýja nafnið,” segir Sigrún.



LÆSI Í LEIKSKÓLA

P

Það eru fjölmargar leiðir sem hægt er að fara til að efla læsi leikskólabarna og tækifærin eru mýmörg. Í gegnum leik gefast ýmis tækifæri til að hafa jákvæð áhrif á þróun læsis hjá börnum. Lykillinn er að nota þau tækifæri sem gefast í öllu starfi leikskólans til að leggja grunn að læsi og þá sérstaklega hljóðkerfisvitund, lesskilning og orðaforða.

Nám í gegnum samskipti barna, þ.e.a.s. að börn læri hvert af öðru, er mikilvægt og því þarf áhersla að vera lögð á umræður, hópavinnu og samvinnu barna og full-orðinna. Jafnframt þarf að skapa aðstæður þar sem börn nálgast viðfangsefnið, læsi, út frá mismunandi sjónarhornum og vinna með það á fjölbreyttan hátt. Aðferðir eins og samræður, frásagnir, leikir, söngur, skapandi vinna og vettvangsferðir eru tilvaldar til að nýta í þemanám og efla hljóðkerfisvitund, orðaforða og lesskilning barna.

Hér koma nokkrar hugmyndir og verkefni sem hægt er að nýta í leikskólastarfinu og efla grunn að læsi barna. Sveigjanleiki er mikill og því er ekki nauðsynlegt að allir vinni nákvæmlega eins með hugmyndirnar heldur ætti að sníða þær að stefnu og skipulagi hvers leikskóla fyrir sig. Einnig getur hver og einn leikskólakennari nýtt sér markmið hvers verkefnis með eigin útfærslum. Leitast er við að hafa fjölbreytt verkefni sem reyna á hina ýmsu hæfileika.

Til eru leikir sem efla grófhreyfingar, hlustunarskilning og um leið orðaforða tengdan líkamanum, hreyfingum, hugtökum og hlutum. Fyrirmæli eru gefin þar sem börnin eiga að hreyfa líkamann eða ákveðinn líkamshluta. Þau börn sem ekki skilja orðin geta þá hermt eftir hinum og þannig smám saman aukið orðaforða sinn. Markmið leikja getur verið að efla hlustunarskilning og einbeitingu um leið og ný orð og hugtök eru kennd.

Leikir sem taka til þessara þátta og efla orðaforða og skilning eru til dæmis: Hóký póký, flöskustútur, Jósep segir og 1-2-3-4-5

Þórunn

Hafsteinsdóttir
leikskólakennari
í Tröllaborgum,
Akureyri.



Dimmalimm (úrval af ýmsum leikjum er hægt að finna á leikjavefurinn.is/).

Örsögur: Börnunum eru sagðar sögur sem eru jafnvel bara ein setning og eiga síðan að svara spurningum um þær. Dæmi um örsögu: „Jóhann bjó til snjókarl á laugardaginn.“ Börnin eru svo spurð út í söguna: Hvað heitir strákurinn, hvað bjó hann til, hvaða dag bjó Jóhann til snjókarl?

Þemakassar fyrir hlutverkaleiki: Kassar eru útbúnir með ákveðnu þema, eins og t.d. skrifstofuleikur þar sem í boði eru t.d. pappír, skriffæri, sími, stílabækur og tölva; veitingastaður þar sem eru ýmis matvæli, matseðill, kokkabúningur, svunta og leikpeningar; pósthús með umslögum, pappír, skriffærum og póstkassa. Með því að nota lestur og skrift í leikjum sínum sjá börnin tilgang þess og uppgötva hvernig ritmálið virkar.

Bókalestur: Bækur eru valdur út frá ákveðnu innihaldi. Ef áhersla á að vera á fjölskyldugerð er t.d. hægt að lesa um Einar Áskel, Línu langsokk og Rauðhettu. Umræður um innihald út frá fjölskyldugerð. Hvar var mamma Einars Áskels? Eða foreldrar Línu? Eða pabbi hennar Rauðhettu?

Teikningar: Börnin teikna eða mála mynd úr sögunni. Þarna kemur oft fram það sem þeim fannst áhugaverðast og einnig skilningur þeirra á sögunni sjálfri.

Ljóðabækur og bækur sem ríma: Þar má nefna kvæði eftir Þórarin Eldjárn, bækur eftir Ragnheiði Gestsdóttur, Vísna-bókina, Fröken Kúlu kónguló og fleiri kvæði og bækurnar um Greppkló og Greppibarnið.

Spil og leikir: Margvísleg spil og leikir geta hentað til að efla hljóðkerfisvitund, orðaforða og lesskilning barna.

Leir: Búa til leir frá grunni með börnunum og hafa þá uppskriftina hjá sér til að fara eftir. Leyfa börnunum að búa til sögupersónur úr leirnum, hluti eða hvað sem viðkemur því sem unnið er með. Einnig er hægt að leira stafi og orð.

Söngur: Kenna ætti börnunum margs konar söngva því það eykur fjölbreytni og áhuga, og þá gjarnan gamla þjóðsöngva í bland við nýrri lög. Ýmis nafnalög eru til sem efla hljóðkerfis-



vitund og má þar nefna lög eins og Nú skulum við segja hvað við heitum og _____ datt í kolakassann. Til að efla orðaforða og skilning henta t.d. lögin Eyjafjörður er fagur, eftir Stefán Vilhjálmsson, og Þúsaldarljóð, eftir Sveinbjörn I. Baldvinsson. Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, og hafa margir leikskól- ar unnið ýmis verkefni tengd þeim degi.

Þulur: Að hlusta á þulur er þáttur í því að kynna fyrir börnunum mismunandi gerðir tónlistar og flutnings. Takturinn eða hrynjandinn sem börnin skynja í gegnum þulurnar tengist tónlist á ákveðinn hátt. Börnin geta slegið taktinn með hljóðfærum eða líkama sínum. Einnig eru til þulur með ákveðnu lagi.

Taktur: Klappa atkvæði í orðum og klappa taktinn, t.d. við ýmis lög og þulur. Til að efla hljóðkerfisvitund og takt er hægt að fara í leikinn Hver stal kökunni úr krúsinni í gær, eða kenna þulur til að telja úr eins og Úllen dúllen doff, Ugly sat á kvisti og Eni meni ming mang.

Hljóðkerfisvitund: Hlusta á hljóðin í umhverfinu og náttúrunni og aðgreina þau, s.s. fuglasöngur, fótatak, sjávarniður, vindurinn o.fl. Hægt er að leyfa börnunum að hafa t.d. kína- þrjóna til að slá á hina ýmsu hluti sem við rekumst á í vettvangs- ferðinni, t.a.m. ljósastaura, ruslatunnur, steina og bekki.

Orðaforði og lesskilningur: Velta fyrir sér orðum um veðurfar, fuglategundir, dýrategundir, heiti í umhverfinu, s.s. hóll, hæð, fjall og mói o.s.frv. Enn fremur er kjörið að skoða ýmis konar ritmál sem fyrir augu ber í vettvangsferðum, eins og götuheiti, heiti fyrirtækja og stofnana, húsnúmer og bílnúmer.

Margar af þessum hugmyndum framkvæma leikskóla- kennarar nú þegar, og eru sumir eflaust meðvitaðir um hvaða þætti hjá barninu þeir eru að efla með þeim meðan aðrir eru ómeðvitaðir um það. Mikilvægt er að leikskólakennarar hafi fagmennsku í fyrirrúmi og séu meðvitaðir um þann fræðilegan grunn sem vinna þeirra byggist á. Með því móti eykst skilningur á mikilvægi þess að efla læsi barna og störf leikskólakennara verða markvissari. Þess má einnig geta að þó að hugmyndirnar





séu settar fram í tengslum við það starf sem fram fer í leikskóla má nýta þær á öðrum skólastigum.

Það eru margir þættir sem hafa áhrif á læsi. Telja verður nauðsynlegt að þeir sem sinna börnum og námi þeirra séu meðvitaðir um þessa þætti og hafi jafnframt í huga að börn læra ekki öll á sömu forsendum. Til að koma til móts við þarfir barnanna er nauðsynlegt að þekkja þau vel, getu þeirra og áhugasvið. Þannig geta leikskólakennarar leiðbeint þeim og veitt þann stuðning sem börnin þurfa á að halda.

Fjölbreytt nálgun og margvísleg verkefni sem reyna á mismunandi þætti eru lykilatriði til að mæta þörfum hvers og eins barns. Með góðri þekkingu á fræðunum, fjölbreyttum kennsluáttum og margvíslegum verkefnum ætti leikskólakennari að vera betur í stakk búinn til að mæta ólíkum þörfum nemenda.



-7 KR.



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Með KÍ dæluykli Atlantsolíu fá félagsmenn 7 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dæluykilshafa veitir dæluykill 15 kr. afslátt.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is/atlantsolia

ÞARFASTI ÞJÓNINN OG NEMANDINN

Hestamennska er notuð til að kenna samskiptafærni og efla sjálfsmynd í Kelduskóla. Börnin kynnast undirstöðuatriðum hestamennsku, læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.

Leiðtoga- og samskiptanámskeið fyrir börn á aldrinum 10 til 13 ára þar sem unnið er með hestum hefur skilað góðum árangri. Nemendurnir takast á við spennandi og eflandi verkefni þar sem komið er inn á samskiptafærni, félagsfærni og framkomu.

Markmiðið með námskeiðinu er að bæta líðan nemenda og efla sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd. Við kennum þeim að bera ábyrgð á gerðum sínum og þau læra að taka tillit til annarra.

Nemendurnir læra um leið undirstöðuatriði hestamennskunnar og að umgangast hesta af öryggi og óttaleysi. Hugmyndin er að þau finni fyrir vellíðan með hestinum í íslenski náttúru og læri um leið að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, sjálfum sér og öðrum. Síðast en ekki síst er markmiðið að þeim þyki vænt um lífið því hestamennskunni fylgir oftast andleg uppörvun, upplýfting og aukið sjálfstraust.

Vinna við þetta þróunarverkefni hófst formlega haustið 2010, en þá fékk ég styrk úr Sprotasjóði menntamálaráðuneytisins. Áformað er að verkefnið haldi áfram og verði fastur liður í skólastarfinu. Verkefnið hlaut hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs árið 2011.

Námskeiðið gengur þannig fyrir sig að hver nemandi fær 8 til 10 skipti (um tvær klukkustundir í hvert sinn) með hestunum, stundum fleiri. Oftast er farið einu sinni í viku. Veðrið hefur auðvitað áhrif en það skemmtilega er að krakkarnir láta veðrið ekki stoppa sig. Þau vilja hitta hestinn sinn, kemma honum og snerta og svo er farið á bak og tekist á við íslenska veðráttu eins og hún er hverju sinni. Þetta samband manns og



**Herdís K.
Brynjólfsdóttir**
sérkennari í
Kelduskóla





Krakkarnir njóta þess að mæta í hesthúsið og láta veðrið ekki stoppa sig.

hests er svo mikilvægt. Krakkarnir mynda fljótt samband við hestinn og finna þar hlýju sem skiptir þau máli.

Að auki reynir hestamennskan á fimi og þor. Nemendurnir hoppa á bak (berbakt), gera einhverjar kúnstir á baki og renna sér af en allt reynir þetta á lipurð og færni auk þess sem þau læra að treysta og þora.

Verkefnið hefur skilað mælanlegum árangri í betri líðan nemenda og um leið betri árangri í námi. Foreldrar hafa líka lýst yfir ánægju með verkefnið.

Foreldri hafði þetta að segja um námskeiðið:

„Það er eitthvað sem breytist hjá syni mínum þegar hann er í hestunum. Hann er alveg með það á hreinu hvaða dag hestarnir eru og það er ekkert mál að vekja hann þá morgna. Hann hlakkar til og finnur styrk sinn – sérstaklega núna þegar hann er að aðstoða yngri nemendur. Hann verður alveg svakalega



ánægður með sig og það er gaman að sjá hann blómstra. Hann hefur gífurlega trú á Herdísi og honum líður greinilega mjög vel þegar hann er í hestunum. Mesti munurinn sem ég sé er að sjálfstraustið eflist, hann verður glaðari, á betra með að höndla skólann og kemur uppveðraður heim í staðinn fyrir að vera hundþreyttur og dapur.“

Krakkarnir mynda fljótt samband við hestinn og finna þar hlýju sem skiptir þau máli. Að auki reynir hestamennskan á fimi og þor.

ánægður með sig og það er gaman að sjá hann blómstra. Hann hefur gífurlega trú á Herdísi og honum líður greinilega mjög vel þegar hann er í hestunum. Mesti munurinn sem ég sé er að sjálfstraustið eflist, hann verður glaðari, á betra með að höndla skólann og kemur uppveðraður heim í staðinn fyrir að vera hundþreyttur og dapur.“

Annað foreldri sagði þetta:

„Þetta er frábært framtak – algjört frumkvöðlastarf. Vel skipulagt og faglega unnið. Hefur haft mjög jákvæð og góð áhrif á minn dreng. Svo hefur kennarinn (verkefnisstjórinn) náð sérstaklega vel til hans.“

Mikil ánægja hefur ríkt um verkefnið innan skólasamfélagsins og nemendur og foreldrar hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga enda reynslan af því góð. Ég bind vonir við að verkefnið haldi áfram um ókomin ár, og það er vilji til þess innan skólans. En til þess að það geti orðið er brýnt að útvega fjármagn því verkefni af þessu tagi er kostnaðarsamt.

BERJUMST FYRIR BÆTTUM KJÖRUM UMSJÓNARKENNARA

N

Nú nýlega hafa grunnskólakennarar samþykkt kjarasamninga sína sem gera ráð fyrir nokkurri breytingu í starfsemi skólanna. Í þessum nýju samningum er margt gott en líka ýmislegt sem ég sakna. Þar væri hægt að minnst á margt en í þessari grein ætla ég sérstaklega að beina sjónum mínum að hinu mikla starfi umsjónarkennara sem enn og aftur var ekki sýndur nægjanlegur sómi í þessum samningum.

Umsjónarkennarar eru án efa hryggjarstykki hvers skóla. Þeir sinna mýmörgum aukaverkum eins og allir þeir sem nálægt skólastarfi hafa komið vita.

Góður umsjónarkennari er gulls ígildi, það veit ég sem fyrrverandi kennari og ekki síst sem fyrrverandi skólastjórnandi. Góður umsjónarkennari sameinar nemendahópa og vinnur með skólasamfélaginu að því að láta allt ganga vel. Góður umsjónarkennari Hann á samskipti við foreldra, stjórnendur, sérkennara, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing, kennsluráðgjafa, sálfræðinga, eineltisteymi og þannig mætti lengi áfram telja. Því er það í raun óskiljanlegt að enn og aftur eru umsjónarkennarar eftirbátar t.d. náms- og starfsráðgjafa í launum.

Það leikur enginn vafi á því í mínum huga að umsjónarkennarar eiga að vera launahæstu starfsmenn grunnskólans, að undanskildum stjórnendum, því þeir sinna erfiðasta og mikilvægasta kennarastarfinu. Þetta fullyrði ég sem hef starfað sem umsjónarkennari, faggreinakennari, fagstjóri og skólastjórnandi í nokkrum grunnskólum. Það þarf að gera umsjónarkennarastarfið eftirsótt, þannig að því starfi sinni hæfustu kennararnir



**Kristján
Sigurðsson**

kennari á Stuðlum,
B.Ed. í grunnskóla-
kennarafræði, Dipl.
Ed. í menntunar-
fræði og M.Ed. í
kennslufræði



sinni því og þeir finni að starf þeirra ersé metið að verðleikum.

Í dag þurfa flestir umsjónarkennarar að sinna nemendum af mörgum þjóðernum, og ótrúlega misjöfnum nemendahópum,

þar sem nemendur með sérþarfir og grein-
ingar af ýmsu tagi eru margir í hverjum hóp. Samviskusamur umsjónarkennari er vakinn og sofinn yfir nemendum sínum og öll getum við vonandi vitnað um það frá okkar skólagöngu hve góður umsjónarkennari hefur mikið að segja. Ég var sjálfur svo heppinn að hafa frá-
bæran umsjónarkennara, hana Dóru, í mörg ár í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði og það er margt sem ég á henni að þakka.

Ég tel að í næstu kjarasamningum kennara eigi sérstaklega að einbeita sér að umsjónar-
kennurum. Það á að hækka launin þeirra og, gera þeim kleift að sinna starfi sínu vel með því að þeir fái til að mynda nægan tíma í stunda-
töflu til að sinna öllum þeim fjölmörgu verkum sem þeim eru falin. Að mínu mati hljóta allir kennarar í skólasamfélaginu að geta sameinast

um þetta grundvallarmarkmið. Gerum umsjónarkennarastarfið eftirsótt meðal kennara og stöndum saman öll sem eitt í því að berjast fyrir bættum kjörum umsjónarkennara.

Áfram umsjónarkennarar!

Það leikur enginn vafi á því í mínum huga að umsjónarkennarar eiga að vera launahæstu starfsmenn grunn-
skólans, að undan-
skildum stjórnend-
um, því þeir sinna erfiðasta og mikil-
vægasta kennara-
starfinu.



iPad
Spjaldtölvur

Nýtt
2015



Áhrifarík leið til að
þjálfa lesskilning

FÉLAGINN DAGRÚN HJARTARDÓTTIR (27 ÁRA SÍÐAST ÞEGAR ÉG GÁÐI)

KRAFTAVERKI LÍKAST AÐ HEYRA FRAMFARIR NEMENDA

Dagrún Hjartardóttir söngkennari segir tónlistarskóla standa á tímamótum. Átök og upplausn einkenni skólana en nú sé lag að leita nýrra leiða í breyttu umhverfi. Fyrir utan vinnuna er Dagrún í þremur matarklúbbum og myndi kenna þjóðinni öndun fengi hún tækifæri til þess.

HVER: Söngkennari, umsjónarkennari söngkennaradeildar Söngskólans í Reykjavík og stjórnarmaður í Félagi kennara og stjórnenda tónlistarskóla.



Hvað er á döfnni í Söngskólanum á vordögum?

Vorið er stór uppskeruhátíð – framhaldsprófs- og burtfararprófs-tónleikar skólans í algleymingi. Það er kraftaverki líkast að heyra framfarir nemenda frá því þeir koma feimnir og með óskólaðar raddir inn í skólann þar til þeir útskrifast tilbúnir til að stíga fyrstu skrefin á óperusviði. Magnað!

Verkfall og nýr kjarasamningur voru fyrirferðarmikil í starfi FT fyrri hluta vetrar. Hver eru helstu verkefni fram undan? Tónlistarskólar á Íslandi standa á tímamótum og átök og upplausn einkenna ástandið. Sú var tíðin að sveitar-

félögin í landinu voru stolt yfir þeirri starfsemi sem fram fór í tónlistarskólum svæðisins en nú keppast þau við að draga úr starfseminni og eiga í deilum við ríkið um það hver eigi að borga fyrir þessa þjónustu. Þetta gerist á sama tíma og gróskan í íslensku tónlistarlífi hefur aldrei verið meiri og útflutningur íslenskrar tónlistar er í sögulegu hámarki, sem að stórum hluta má þakka öflugum tónlistarskólakerfi á Íslandi. En þegar ástand er óstöðugt þarf að hugsa hlutina upp á nýtt og þá má finna glugga sem að öðrum kosti hefðu ekki opnast. Þar geta leynst fjölmörg tækifæri og jafnvel ný



sóknarfæri. Verkefni framundan snúa að því að rýna í og leita leiða í breyttu umhverfi.

Hvaða þekktu persónu hefðirðu viljað hafa sem kennara? Ég hef verið svo lánsöm í gegnum árin að hafa verið hjá góðum kennurum, Helga R. Óskarsdóttir var besti fiðlukennari sem hægt var að hugsa sér og svo lærði ég söng hjá átrúnaðargoði mínu, Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Hvað ætti maður að vilja meira? Ég hefði ekki haft neitt á móti því að horfa ofan í hálsinn á Pavarotti á meðan hann söng en held að hann hafi ekki endilega verið góður söngkennari.

Hvað finnst þér best í eigin fari? Ástríðan sem ég hef fyrir því verkefni sem ég tek mér fyrir hendur hverju sinni og óþrjótandi hugmyndaflæði. Ekki er þó víst að aðrir á heimilinu séu jafn ánægðir með þetta.

Hvaða plata er oftast á fóninum núna? Krákeviks Songbok.

Í hvaða félögum og klúbbum ertu? Er í þremur matarklúbbum og gönguhópnum Eilífa lífið sem er afkvæmi 52fjalla verkefnis FÍ. Ég spila með líka Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, en get þó alltof sjaldan tekið þátt sökum anna.

Hvaða bók lastu síðast? Hringir í skógi eftir Dalene Matthee.

Hvert var uppáhaldsfagið í skóla? Tónlistarsaga og hljómfræði hjá Jóni Ásgeirssyni tónskáldi.

Hundur eða köttur? Hundur – er með andlegt ofnæmi fyrir köttum.

Hvernig færðu útrás? Ber snitzel með kukukefli eða tek góða kraftgöngu.

Ef þú mættir taka íslensku þjóðina í eina kennslustund, hvað myndirðu kenna? Öndun. Streita veldur stífni í líkama og vöðvabólgu og hefur áhrif á tilfinningalífið, en hún hefur ekki síður áhrif á öndunina. Það er hægt að beita öndun á jákvæðan hátt til að hafa áhrif á starfsemi líkamans í baráttunni við streitu. Á þennan hátt má virkja rödd og öndun til að losa streitu.

Hver er uppáhaldsstjórnmalamaðurinn þinn? Helgi Hrafn Gunnarsson (ekki segja manninum mínum það).

Hverju deildirðu síðast á Facebook? Eignaðist Tivoli útvarp fyrir nokkrum árum sem ég hafði óskað mér í afmælisgjöf því það átti að vera betra að finna skruðningslaugar útsetningar í því. Reynsla mín af tækinu hefur reyndar ekki stutt þessar fullyrðingar en ein stöð kemur alltaf óboðin inn, blaðskellandi og kýrskýr, en það er Útvarp Saga. Fjögur ár í austantjaldslandi framkölluðu ekki eins mikið menningarsjokk og að hlusta á þessa undarlegu útvarpsstöð í örfáar mínútur.... Held að ég setji bara plötu með Bay City Rollers á fóninn og lifi áfram í afneitun um tilvist þessarar útvarpsstöðvar.